



Fátt er tærara en ást barna á jólinum. Þessi kná leikskólabörn gerðu sér gláðan dag í gær og dönsuðu í kringum Oslóartréð á Austurvelli með aðstoð kennaranna. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Áhugaleysi sjóða væri áhyggjuefni

Fjármálaráðherra segir áhyggjuefni ef lífeyrissjóðir kaupa minna af ríkisbréfum. Ríkissjóður er í góðri stöðu til að mæta sveiflum í eftirspurn. Ekki tilefni til að lækka uppgjörskröfu. Vænt skuldasöfnun „viðráðanleg“ og kallar ekki á skattahækkunir.

VIÐSKIPTI Sterk lausafjárstaða og greiður aðgangur að fjármagnsmörkuðum gera það að verkum að minnkandi eftirspurn einstakra fjárfesta eftir ríkisskuldabréfum skiptir ekki sköpum fyrir ríkissjóð. Engu að síður er það áhyggjuefni ef lífeyrissjóðirnir draga úr kaupum á skuldabréfum íslenska ríkisins. Þetta segir Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra.

„Lífeyrissjóðir eru einn af hornsteinum íslensks fjármálamarkaðar og hafa nánast einokun á skyldusparnaði íslenskra launþega. Sterk

staða ríkissjóðs, jákvæður vaxtamunur og hagsmunir umbjóðenda lífeyrissjóðanna gera skuldir ríkissjóðs að álitlegum kosti fyrir þá,“ segir Bjarni.

Ávöxtunarkrafa lengri ríkisskuldabréfa hefur hækkað töluvert á síðustu mánuðum, meðal annars vegna minni eftirspurnar lífeyrissjóða eftir ríkisbréfum og mikillar óvissu um það hvernig ríkissjóður ætla að fjármagna fjárlagahallann á næstu árum.

Fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar gerir ráð fyrir að skuldir hins

●● Sterk staða ríkissjóðs, jákvæður vaxtamunur og hagsmunir umbjóðenda lífeyrissjóðanna gera skuldir ríkissjóðs að álitlegum kosti fyrir þá.

Bjarni Benediktsson
fjármálaráðherra



opinbera, sem námu tæplega 28 prósentum af vergri landsframleiðslu í árslok 2019, geti hækkað upp í 65 prósent fyrir lok árs 2025.

Bjarni segir að skuldahlutfallið verði „vel viðráðanlegt og bæði lægra en eftir efnahagshrun og lægra en hjá fjölmörgum OECD-ríkjum.“ Spurður hvort skuldasöfnun ríkissjóðs á næstu fimm árum muni á endanum skila sér í skattahækkunum segir Bjarni að svo þurfi ekki að vera.

„Ísland hefur alla burði til að vaxa út úr þeim vanda sem heims-

faraldurinn hefur valdið á árinu 2020. Ríkissjóður leggur áherslu á að styðja við öflugt atvinnulíf sem skila mun heimilum, fyrirtækjum og ríkissjóði betri afkomu til framtíðar. Skuldirnar verða þannig sjálfbærar og lækka þegar til lengri tíma er litið án þess að koma þurfi til skattahækkana,“ segir Bjarni.

Ríkissjóður hefur að sögn Bjarna ýmsar leiðir til að mæta sveiflum í eftirspurn eftir skuldabréfum. Sjóðsstaða sé sterk og rúm heimild sé til lántöku í erlendri mynt.

– þrh / sjá síðu 12

Ákæra hafði mikil áhrif

HEILBRIGÐISMÁL Tæp 90 prósent starfandi hjúkrunarfræðinga telja að mál hjúkrunarfræðings sem var ákærður fyrir manndráp af gáleysi hafi haft mjög eða frekar mikil áhrif á störf sín.



Sigurbjörg Sigurðóttir, prófessor við HI

Í rannsókn Sigurbjargar Sigurðóttur, prófessors við Háskóla Íslands, koma fram áhyggjur meðal hjúkrunarfræðinga um að þeir þurfi að svara til saka ef eitthvað fer úrskeiðis í starfi. – epá / sjá síðu 8

KRONAN

Ekkert ves í des

Kringlan

Allt frá tísku til tækniundra

OPIÐ TIL KL. 22

ÖLL KVÖLD TIL JÓLA

Skriðuhætta og gul viðvörðun á Austfjörðum

AUSTURLAND Appelsínugul úrkomuviðvörðun er í gildi til kl. 9 í dag á Austfjörðum, við tekur gul viðvörðun til miðnættis.

Samkvæmt veðurfræðingi Veðurstofunnar er von á að dragi úr úrkomu í dag.

Stór skriða féll á Seyðisfjörð í fyrradag og olli tjóni. Talsverð úrkoma var þar í nótt og er enn talsverð skriðuhætta. Samkvæmt lögreglu er talið hættulegt fara inn á rýmingarsvæðið eins og leyft var í gærmorgun. Staðan verður endurmetin um hádegisbilið.

Íbúi á Seyðisfirði sem var gert að yfirgefa hús sitt í fyrrakvöld segist aldrei hafa kynnst öðru eins flóði og hún upplifði þegar skriðan fór af stað. – kpt, bb / sjá síðu 6

Geta bólusettt 70 þúsund á einum degi


COVID-19 Fimm tilfelli smits greindust innanlands í fyrradag, þar af voru tveir í sóttkví. 129 voru í einangrun í gær. Tilkynnt hefur verið að helmingi færri skammtar af bóluefni Pfizer og BioNtech koma í fyrstu sendingu.

» Gert er ráð fyrir að starfsmenn COVID-göngu-deildarinnar verði fyrsti hópurinn sem fær bóluefnið á Íslandi.

Óskar Reykdalsson, forstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, segir heilsugæsluna hafa getu til að bólusetja sjötíu þúsund manns á dag á Íslandi ef bóluefni væri til staðar.

„Ef við fáum tiltölulega mikið bóluefni þá förum við á alla staðina á höfuðborgarsvæðinu sem við höfum aðgang að. Við erum búin að reikna sjö skóla þar sem við getum sprautað allt að tíu þúsund manns á dag á hverjum stað. Þannig að skipulagið okkar getur farið alveg upp í sjötíu þúsund skammta á dag en það er langt frá því að við fáum það efni,“ segir Óskar og fullyrðir að heilbrigðiskerfið sé með mannskap til að fara í slíka framkvæmd. – mhj

Orginal



Stæðilegur svanur í desemberbirtu spókar sig á spegilmynd sinni á frosinni Ráðhússtjórninni. Hugrenningar álfta eru manningum enn hulin ráðgáta, en ef til vill veltir hann fyrir sér, eins og hljómsveitin Sálin hans Jóns míns gerði forðum, hver sé orginal. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Greiða um tvö hundruð milljónir í styrki í dag

COVID-19 Í það minnsta 200 milljónir verða í dag greiddar út vegna lokunarstyrkja til fyrirtækja sem neyðst hafa til að loka vegna sóttvarnaaðgerða. Um er að ræða styrki vegna stöðvunar á tiltekinni starfsemi í tengslum við sóttvarnaaðgerðir á tímabilinu 18. september til og með 17. nóvember 2020. Þetta kemur fram í svari Skattsins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Síðastliðinn þriðjudag höfðu borist 321 umsókn um lokunarstyrk fyrir fyrrgreint tímabil og af þeim höfðu 89 umsóknir verið fullkláraðar og undirritaðar, 64 höfðu verið afgreiddar og verða greiddar út í dag.

Fréttablaðinu bærust ábendingar þess efnis að hnökra væru í umsóknarferli um lokunarstyrki á vefsíðu Skattsins og segir í svarinu að „lítils háttar vandræði“ hafi komið upp svo ekki hafi verið hægt að fylla út umsóknir á tímabili. „Það



Knæpur hafa neyðst til að loka í faraldrinum. FRÉTTABLAÐID/EYÞÓR

er búið að lagfæra þessa hnökra. Umsókn af því tagi sem hér um ræðir er flókin og margþætt. Að hluta til er hún með árituðum upplýsingum sem sóttar eru í mörg tölvukerfi sem voru ekki hönnuð með þá vinnslu sem hér um ræðir í huga,“ segir í svarinu. – bdi

Íslendingar eru sjúkir í danskar jólamöndlur

Sigurjón Gíslason og Marteinn Guðmundsson sáu tækifæri í faraldrinum og stofnuðu fyrirtæki. Selja nú ristaðar möndlur og heitt súkkulaði á jólamarkaði við Hjartatorg. Segja mikilvægt að huga að sóttvörnum og standa saman.

SAMFÉLAG „Það mætti segja að Íslendingar séu sjúkir í jólin og ristuðu möndlurnar koma flestum í jólasak,“ segir Sigurjón Gíslason, nemi við Háskólann í Reykjavík. Hann sá tækifæri í faraldrinum sem geisad hefur og stofnaði fyrirtæki með vini sínum, Marteini Guðmundssyni. Þeir selja nú ristaðar möndlur og heitt súkkulaði á jólamarkaðnum á Hjartatorgi í Reykjavík.

„Í faraldrinum hafa sprottið upp ótal margar hugmyndir á zoom, messenger og í símtölum hjá okkur Marteini,“ segir Sigurjón, spurður að því hvernig hugmyndin um möndlubásinn kom til. „Marteinn er mjög mikill matgæðingur og ég reyndar líka en hann er meira að gera allt frá grunni og er mjög þolinmóður þegar að það kemur að því að framreiða og elda. Ég bjó í jólaborginni Kaupmannahöfn í sex ár svo danskar jólamöndlur lágu beint við,“ segir Sigurjón. Þá segir hann þá Marteini sammála um það að í krísum komi ósjaldan upp tækifæri. Sigurjón segir viðskiptavinum misvarkára þegar kemur að sóttvörnum en þó virðist sem allir séu að reyna sitt besta. „Margir þeirra sem koma til okkar eru með börn og eru sérlega varkárir,“ segir hann. „Við erum með grímur og líka þeir sem versla hjá okkur og svo auðvitað þössum við vel upp á að spritta og bóna eins og við köllum það,“ segir Sigurjón.

Hann segir mikla jólastemningu hafa ríkt í miðbænum síðustu helgar en segir þó að huga verði einstaklega vel að öllu sem kemur að sóttvörnum þar sem fólk kemur saman. „Það er búið að skreyta allt á torginu, klassisku jólalöginn óma



Marteinn og Sigurjón segja mikla jólastemningu hafa ríkt í miðbænum síðustu helgar og að fólk reyni yfirleitt að gæta sóttvarna. MYND/SJÓFN SÓLEY

Ég bjó í jólaborginni Kaupmannahöfn í sex ár svo danskar jólamöndlur lágu beint við.

Sigurjón Gíslason, möndlusali og háskólanemi



um bæinn og svo er auðvitað það mikilvægasta, lyktin af ristuðum möndlum með kanil og sykri sem ilmar svo vel um allan miðbæinn,“ segir Sigurjón.

„Það er langt síðan að maður sá fólk koma saman og gleðjast yfir einhverju svo þetta veitir okkur ánægju alveg sama hvernig gengur

hjá okkur,“ segir hann. „En okkur brá smá þegar að við heyrðum af þessum tónleikum sem áttu sér stað í glugga á Laugaveginum,“ bætir hann við.

„Það eru jú allir að reyna sitt besta og ef við hjálpmust öll að verður þetta ekkert mál og ungr sem aldnir fá að njóta jóllanna með fjölskyldum sínum með jól í hjarta,“ segir Sigurjón.

Marteinn og Sigurjón hafa hug á því að þróa fleiri tegundir af möndlum sem þeir segja að muni að öllum líkindum falla í kramið hjá Íslendingum, svo sem saltkaramellu- og lakkrismöndlur. „Við erum auðvitað smá dönsk í okkur Íslendingar, við þekkjum allavegana fáa sem hafa aldrei heimsótt Kaupmannahöfn einhvern tímann á lífsleiðinni. Við virðumst vera hrifnir af dönsku jólamöndlunum líkt og Danirnir.“ birnadrofn@frettabladid.is

LAUFABRAUÐ

eftir norðlenskri uppskrift

Björnsbakari
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
laugardaga 8.00 - 16.00
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35

www.bjornsbakari.is

Gerðu góð kaup

FLEIRI KJARABÍLAR

Á KJARABILAR.IS

Athugið að um er að ræða takmarkaðan fjölda bíla af tilteknum gerðum. Það eru þó fleiri bílar í boði en fram koma í auglýsingunni og þá má finna á www.bl.is/kjarabilar

BJÓÐUM **VALDA NÝJA BÍLA Á KJARABÍLAVERÐI.**
VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Í DAG.

KJARAVERÐ
6.490.000 kr.



ROM12

Subaru XV LUX

E-BOXER Hybrid, hjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluaksturbill
Listaverð: 7.390.000 kr.

KJARAVERÐ
4.590.000 kr.



TJR33

Nissan Leaf Acenta

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bill
Listaverð: 4.952.000 kr.

KJARAVERÐ
6.590.000 kr.



IAU04

Nissan X-Trail Acenta+

Disil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bill
Listaverð: 7.290.000 kr.

KJARAVERÐ
4.390.000 kr.



PAU37

Renault NÝR ZOE Intens

Rafmagn, framhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bill
Listaverð: 4.810.000 kr.

KJARAVERÐ
6.950.000 kr.



MZN77

Renault Koleos Intens

Disil, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, nýr bill
Listaverð: 7.650.000 kr.

KJARAVERÐ
2.890.000 kr.



FYK14

Dacia Dokker Ambiance

Disil, framhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bill
Listaverð: 3.150.000 kr.

KJARAVERÐ
3.990.000 kr.



KYV69

Dacia Duster Comfort

Bensín, fjórhjóladrifinn, beinskiptur, nýr bill
Listaverð: 4.486.000 kr.

KJARAVERÐ
7.690.000 kr.



GVG32

BMW X1 M-Sport

Tengiltvinnbill, fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur, reynsluaksturbill
Listaverð: 8.490.000 kr.

KJARAVERÐ
4.790.000 kr.



NEB87

Mini Cooper SE

100% rafbill, sjálfskiptur, nýr bill
Listaverð: 5.280.000 kr.

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

Bílasala Reykjaness
Reykjanesbæ
www.bilasalareykjaness.is
419 1881

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

BL

Áfram unnið að sátt í Húsafelli

DÓMSMÁL „Það eru enn þá samræður í gangi milli aðila,“ segir Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri Borgarbyggðar, um deilur í Húsafelli í kjölfar byggingar legsteinasafns listamannsins Páls Guðmundssonar.



Páll í Húsafelli

Legsteinasafnið var dæmt til niðurrifs í sumar í dómsmáli sem nágrenni Páls höfðaði. Í haust gáfu þeir sér tímaramma til að ná sátt í málinu með aðild Borgarbyggðar sem fer með skipulagsvald á svæðinu. Það var á grundvelli leyfis sem Borgarbyggð gaf sem legsteinasafnið var reist, en var síðar dæmt ógilt.

„Það er verið að skoða að gera nýja sátt um að reyna að settast og á meðan ætlum við ekki að tala við fjölmöðla,“ segir Þórdís sveitarstjóri. – gar

Sjö börn hafa verið lögð inn á afeitrunardeild

HEILBRIGÐISMÁL Sjö börn hafa verið lögð inn á afeitrunardeild fyrir ólögráða ungmenni á Landspítalanum frá því að hún opnaði í sumar. Meðallegutími er fjórir til sex sólarhringar og eru legudagar á deildinni alls 40 talsins. Þá hafa sum börnin verið lögð inn oftar en einu sinni.

Á deildinni er pláss fyrir tvo í innlögn og segir í svari spítalans við fyrirspurn Fréttablaðsins að miðað við þá reynslu sem hlotist hefur frá opnun deildarinnar séu tvö pláss nóg „til þess að veita þá þjónustu sem veitt er á deildinni.“

Flest þau börn sem hafa verið í þjónustu á deildinni hafa í framhaldinu farið í úrræði á vegum barnaverndar og segi Marianna Bernhardsdóttir, deildarstjóri fíknigeðdeildar, að vel hafi gengið að veita börnunum þá þjónustu sem þau þurfi.

Þá segir hún að almennt hafi verið minni aðsókn í fíknimeðferðir í faraldrinum og geti það skýrt fáar komur á deildina. „Hægt er að velta fyrir sér hvort að á höfuðborgarsvæðinu séu ef til vill ungmenni sem eru í þörf fyrir þjónustu afeitrunardeildar og hvort að COVID-faraldurinn komi í veg fyrir að börn og ungmenni fái viðeigandi eða nægilega þjónustu í afeitrun.“ – bdj

Vill að nemendur fái ekki fjarvist vegna samfélagsverkefna

MENNTAMÁL Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskólanna getur afreksfólk í íþróttum fengið slaka á mætingarkröfum, svo sem vegna keppnismóta eða landsliðsæfinga. Þetta á einnig við um tímasetningar verkefna og prófa. Sama gildir þó ekki um aðra hópa.

„Ef þú ert til dæmis í björgunarsveit, í ungmennaráði eða tekur þátt í ráðstefnu erlendis um umferðaröryggi þá þarftu að

Ef þú ert til dæmis í björgunarsveit, í ungmennaráði eða tekur þátt í ráðstefnu erlendis um umferðaröryggi þá þarftu að berjast fyrir því að fá frí.

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins

berjast fyrir því að fá frí,“ segir Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins. Hann lagði í vikunni fram fyrirspurn til Lilju Daggar Alfreðsdóttur menntamálaráðherra um þetta efni.

Málið var rætt meðal framhaldsskólanna á ráðstefnu UMFÍ fyrir skemmstu. Kom þar fram að nemendur áttu mjög misauðvelt með að fá frí í skólanum til þess að sækja ráðstefnuna. Þar sem

adeins er fjallað um íþróttafólk í námskránni veltur það á skólastjórnendum að taka ákvörðun um mætingarskyldu.

„Á Alþingi erum við sífellt að tala um að auka lýðræðisþátttöku ungs fólks. En við verðum að gera þeim kleift að sinna því án þess að það komi niður á skólagöngunni,“ segir Vilhjálmur. „Það ætti að vera einfalt mál og óumdeilt að útvíkka þessa grein aðalnámskrárinnar.“ – khg

Netöryggissveitin verður stórefld á komandi árum

Tölvuárásir á stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga færast í aukana og vegna þess hefur netöryggissveit Póst- og fjarskiptastofnunar verið efl. Forstjórinn segir erfitt að koma upp um þessa glæpi og því séu forvarnir og skaðaminnkun sett í forgang hjá stofnuninni. Beituárásir eru nú orðnar að faraldri.

STJÓRNSÝSLA Fjölgað hefur í liði netöryggissveitar Póst- og fjarskiptastofnunar, fjármagn verið aukið til málflokksins og ný reglugerð um starfsemiina er væntanleg. Hrafnkell V. Gíslason forstjóri segist ekki vilja nefna nákvæma tölu starfsmanna en að fjölgunin sé talsverð á árinu og verði næstu árin.

Þrír störfuðu í sveitinni á síðasta ári en samkvæmt fjármálaáætlun er áætlað að verja 1,6 milljörðum króna til netöryggismála næstu fimm árin. Hann vonast til að sveitin verði fullmönnuð árið 2023.


„Þá getum við verið með vöktun allan sólarhringinn, alla daga ársins. Með mannskap, tækjabúnað og aðstöðu eins og kröfur regluverksins segja til um,“ segir Hrafnkell.

Netárásir netglæpamanna og jafnvel ríkja færast sífellt í aukana. Í nóvember var stór árás gerð á íslensk fjármálafyrirtæki, sem lamaði netsamband og kom niður á greiðslu- og auðkennisþjónustu.

„Ég hef líkt innleiðingu laganna við að smíða skip og gera sjóklárt. Við erum ekki enn tilbúin til siglingar í mesta öldurótinu,“ segir Hrafnkell aðspurður um hvernig sveitin sé í stakk búin til að takast á við þessa vö. „En við tökum á öllum málum sem rata inn á okkar borð og þeim sem við finnum sjálf.“

Hrafnkell segir að meginmarkmiðið sé að fyrirbyggja árásir og efla varnir. Óumflýjanlegt sé að atvik muni halda áfram að koma upp og þá sé mikilvægt að minnka skaðann eins og mögulegt er.

Í sumum tilfellum er sveitin sjálfri sér næg en í öðrum er samstarf við erlendar netöryggissveitir, einkum á Norðurlöndum.



Beituárásir, eða phising, eru nú orðnar að eiginlegum netfaraldri. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Ef sá brotlegi er innanlands og hægt að elta hann uppi þá reynum við það.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar



Sveitin hefur einnig samstarf við erlenda aðila til að taka niður hluta úr tæknikeðjunni í beituárásum. „Þessar árásir eru eiginlega orðnar að faraldri,“ segir Hrafnkell. Það er, að glæpamenn senda tölvupósta eða önnur skilaboð undir fölsku yfirsíkinu til þess að komast yfir kortaupplýsingar, lykilorð og fleira.

Hrafnkell segir algera undantekningu að hægt sé að upplýsa hverjir glæpamennirnir séu.

„Það er gríðarleg vinna að uppgötva hver gerir þetta og enn þá meiri að draga hann til ábyrgðar.“ Póst- og fjarskiptastofnun er borg-

araleg stofnun en er þó í samstarfi við lögregluna. „Ef sá brotlegi er innanlands og hægt að elta hann uppi þá reynum við það.“

Samkvæmt lögum ber netöryggissveitinni að sinna mikilvægum innviðum. Það er ákveðnum stofnunum og fyrirtækjum. Sveitin reynir þó að efla þekkingu og vitund samfélagsins alls um netöryggi. Til dæmis með heimasíðunni netor-yggi.is. Hrafnkell er bjartsýnn á að vitund einstaklinga og fyrirtækja sé að aukast og skilningur stjórnmalamanna á mikilvægi málflokksins. kristinnhaukur@frettabladid.is

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI

Jeep



RAM



ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTREINSADIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep, og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og ihluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérþöntum varahluti í aðra USA bíla.



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMÍÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00



Falleg gjöf

Þú færð allt frá Bitz í Vogue og á Vogue.is

Pantaðu í vefverslun

Pantaðu gjafavöru í dag í vefverslun okkar á www.vogue.is og fáðu pakkann sendan heim á morgun á stórhöfuðborgarsvæðinu

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Vonbrigði að tillagan var felld

REYKJAVÍK Björn Gíslason, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir það mikil vonbrigði að tillaga hans um að fylla Árbæjarlón á ný hafi verið felld á stjórnarfundum Orkuveitu Reykjavíkur í vikunni. Tillagan var felld með þremur atkvæðum gegn tveimur, einn sat hjá.



Björn Gíslason, borgarfulltrúi

Lónið var tæmt varanlega í október síðastliðnum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins sendi stýrihópur um Elliðaárdalinn, sem skipaður var af borgarráði í nóvember, bréf til OR þar sem komið var á framfæri upplýsingum frá skipulagsfulltrúa borgarinnar um að varanleg tæming lónsins væri ekki í samræmi við deiliskipulag. Bjarni Bjarnason, forstjóri OR, sagði við Fréttablaðið að tæmingin hefði verið gerð í samráði við fulltrúa Umhverfis- og skipulagssviðs, engin svör hafa borist frá sviðinu um málið.

„Ég varð fyrir vonbrigðum að tillagan hefði verið felld,“ segir Björn. „Þarna er um augljóst lögbrot að ræða og það kemur óneitanlega spánst fyrir sjónir að meirihluti stjórnar OR skuli samþykka lögbrot.“ Hann hyggst halda áfram með málið á vettvangi stýrihópsins. „Ég tek það skýrt fram að ég og stýrihópurinn viljum finna lausn á þessu máli sem allir geta fellt sig við. Að lónið verði þarna áfram og að fiskur geti gengið í ánni, nákvæmlega eins og verið hefur.“ – ab



Frá Litla Hrauni. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Slæmt heilsufar helsta ástæða náðunar fanga

FANGELSI Á síðustu fimm árum hefur náðunarnefnd fjallað um 92 beiðnir um náðun og mælt með náðun í átján tilvikum, fallist var á þær allar. Þetta kemur fram í svari dómsmálaráðuneytisins við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Á þessu ári hefur náðunarnefnd fjallað um fjórar beiðnir um náðun og fallist hefur verið á eina. Á síðasta ári fjallaði nefndin um 22 beiðnir og þar af var fallist á tvær en árið 2016 var fallist á níu af þeim tuttugu beiðnum. Í svari ráðuneytisins segir að náðunarnefndin mæli sjaldan með náðun og sé hún einungis veitt í sérstökum tilvikum, aðeins þegar talin sé hætta á að fullnusta refsingar geti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir velferð dómþola.

Helstu ástæður náðunar eru alvarlegt líkamlegt eða andlegt heilsufar náðunarbeiðanda. „Einnig geta erfiðar félagslegar aðstæður komið til skoðunar en þá oftast í tengslum við slæmt heilsufar. Í algjörum undantekningartilvikum hefur alvarlegt líkamlegt heilsufar ungs afkomanda náðunarbeiðanda orðið til þess að aðili sé náðaður.“

Á vef Stjórnarráðsins kemur fram að einungis sé hægt að sækja um náðun á fésektum og fangelsisrefsingu en ekki refsikenndum viðurlögum, svo sem sviptingu ökuréttinda. – bdj



Úrhellið hefur staðið yfir frá því í síðustu viku og gaf Veðurstofa Íslands í gær út appelsínugula skriðuviðvörðun sem var í gildi í nótt. MYND/ÓMAR BOGASON

Horfði á hliðina koma niður

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir horfði upp í hliðina úr húsi sínu á Seyðisfirði þegar hún rann af stað og æddi niður. Henni var gert að yfirgefa heimili sitt og koma sér í skjól enda hús hennar á hættusvæði.

SEYÐISFJÖRÐUR „Ég var að horfa upp í hliðina þegar hún fór af stað. Það var tilkomumikið, getum við sagt. Ég rauk út með strákin minn og keyrði af stað og svo kom aurinn á Austurveg og Hafnargötu skömmu síðar,“ segir Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, forstöðumaður og fræðslufulltrúi Skaftfells, miðstöðvar myndlistar á Austurlandi, en hún stóð inni í húsi sínu við Fossgötu á Seyðisfirði og sá þegar aurskriða fór af stað á þriðjudag úr svokölluðum Botnum.

Hanna var ásamt öðrum frá Skaftfelli að moka aurnum burtu þegar Fréttablaðið náði tali af henni. Henni var gert að yfirgefa heimili sitt enda er Fossgata á svæði sem almannavarnir rýmdu.

Skriðurnar féllu úr Botnabrún sem nær frá Grákambi að Þófum, sem er löng brún og er nánast yfir allri suðurbyggðinni á Seyðisfirði. Óvíst er hvenær Hanna og aðrir íbúar á hættusvæðinu fá að snúa til síns heima en spáð er áframhaldandi rigningu.

Hún segir að þetta úrhelli hafi byrjað á fimmtudag fyrir viku. „Ég er ekki alin upp hérna á Seyðisfirði en hef séð nokkrar spýjur en ekkert þessu líkt. Allavega fyrir mitt leyti er þetta mjög stórt flóð og ég held að flestum finnist það líka sem hafa þó búið hér lengur.“

Það hafði snjóað töluvert þegar byrjaði að rigna og snjórinn hvarf mjög fljótt. Hitinn er núna um þrjár gráður og smá stund milli stríða,“ segir hún en örlítið hafði dregið úr úrkomunni þegar Fréttablaðið talaði við hana snemma í gær.

Skaftfell slapp þó, sem Hanna segir að sé í raun ótrúlegt enda standi húsið við hliðina á nánast miðjum vatnsflauminum. „Það flæðir yfir á pallinn sem stendur vestan megin við Skaftfell og fyrir framan hús en annars sluppum við alveg sem er í raun ótrúlegt. Það er örlítill bleyta innandyra en nánast ekkert. Það er eins og aurinn hafi stíflað strax og því fer ekkert vatn inn.“ Ekki eru allir svo heppnir því



Hanna Christel stendur hér lengst til vinstri ásamt samstarfsfólki sínu. Hún segir það mikla mildi að myndlistarmiðstöðin Skaftfell, sem þau standa hér fyrir framan, hafi sloppið þegar skriðan kom á bæinn. MYND/ÓMAR BOGASON



Tjónið er mikið og er búið að flæða í marga kjallara. MYND/ÓMAR BOGASON

Allavega fyrir mitt leyti er þetta mjög stórt flóð og ég held að flestum finnist það líka sem hafa þó búið hér lengur.

Hanna Christel Sigurkarlsdóttir

Ljóst er að töluvert tjón varð þegar flæddi inn í kjallara húsa.

Hanna segir að hún viti í raun ósköp lítið enda sé spáð áframhaldandi rigningu. „Við þurfum að sjá hvað næstu dagar bera í skauti sér. Þegar þessu linnir og fer að frysta þá fer fólk að taka stöðuna. Vatnsflaumurinn er enn á fullu og ég held að það sé ekkert hægt að gera fyrr en hann er farinn og það hættir að rigna.“ benediktboas@frettabladid.is

HÁTÍÐ Á HAFNARTORGI

Næg bílastæði í bílakjallaranum,
ekið inn frá Geirsgötu.



HAFNARTORG
REYKJAVÍK

H&M HOME

Optical Studio



COS



ICE + FRIES

GLACIERFIRE



COLLECTIONS

GK

REYKJAVIK



GALLERIA
REYKJAVÍK

MICHELSEN
1909

H&M



Kirkjuþing vill láta nútímavæða löggjöfina. MYND/PJÓDKIRKJAN

Kirkjan vill kansellisins bréf og forordning á brott

TRÚMÁL Kirkjuþing hefur beint þeim tilmælum til Áslaugar Örnú Sigurbjörnsdóttur dómismálaráðherra að fella á brott nokkur eldri lög og réttarreglur er gilda um þjóðkirkjuna, sum frá 18. öld.

Eitt þeirra er Bréf kansellisins um tilhögun á kirkjuhúðum frá 1828. Það hljómar svo: „Hinn 7. þ.m. hefir Hans hátign allramildilegast þóknast að úrskurða, að þegar kirkjur eru byggðar að nýju, þá skuli öllum húðum þannig hagað, að þeim verði lokið upp að innan og gangi út.“

Annað er Forordning áhrærandi uppvaxandi ungdómsins confirmation og staðfesting í hans skirnarnáð sem gilt hefur síðan árið 1741. En „barna confirmation

og innvígsla svo og þeirra opinberlegt examen og yfirheyrsla“ er samkvæmt þeirri löggjöf „almenn regla og fullkomin skylda.“

Þá vill kirkjuþingið losna við tilskipanir um að kirkjureikningar skuli gerðir eftir silfurmynd, að prestar heimsæki hvert heimili tvisvar á ári, að próföstum beri að tilkynna stiftamtanni ef prestsetrum er ekki nægilega viðhaldið, og að hneykslanlegar myndir séu ekki í kirkjum á sunnudögum.

„Engin annarleg höndlan má hafast um hönd í kirkjunni. Annars skal hver sá, sem gerir á móti þessu, sekjast einu lóði silfurs fyrir hvert sinn,“ segir í tilskipun um tilhlýðilegt helgihald sabbatsins.

– khg

Segja umhverfisráðherra ætla að slá yfirráðum sínum yfir miðhálandið

STJÓRNMÁL „Hreppsnefnd Ásahrepps getur engan veginn fallist á að svo stórum hluti sveitarfélagsins verði gerður að þjóðgarði,“ segir í bókun hreppsnefndarinnar um frumvarp umhverfisráðherra um hálandisþjóðgarð.

Hreppsnefnd Ásahrepps í Rangárvallasýslu vill að Alþingi og ríkisstjórn vísi frumvarpinu frá. Ekki verði fallist á að skipulagsvald og stjórnsýsla svæðisins færist frá kjörnum fulltrúum sveitarfélagsins til fulltrúa annarra sveitarfélaga, félagasamtaka og embættismanna. Í nýlegu máli á borði Vatnajökulsþjóðgarðs varðandi opnun umferðar vélknúinna ökutækja inn í Vonarskarð, hafi umdæmisráð og stjórn gengið þvert á aðalskipulag Ásahrepps og hunsað vilja hreppsnefndarinnar.

Hér virðist sú aðferðafræði vera höfð í hávegum, að skjóta fyrst og spyrja svo.

Hreppsnefnd Ásahrepps

„Þar sem þetta mál er í gerjun þessa dagana, er enginn trúverðugleiki, í huga hreppsnefndar Ásahrepps, að virða skuli skipulagsvald sveitarfélaga. Slíkar yfirlýsingar eru hjómið eitt,“ segir hreppsnefndin sem kveður málið unnið frá öfugum enda. Henni sýnist að „háttvirtur ráðherra umhverfismála hafi það markmið eitt að slá yfirráðum sínum yfir miðhálandi Íslands og færa í hendur embættismanna og sérhagsmunaaðila.“

Að sögn hreppsnefndarinnar er

mikil greiningarvinna og samráð óunnið. Fjármögnun verkefnisins vanti einnig. „Hér virðist sú aðferðafræði vera höfð í hávegum, að skjóta fyrst og spyrja svo,“ ályktar nefndin og bendir á að fjöldi svæða hafi verið friðlýstur á undanförunum árum. Það kalli á mikið fjármagn.

„Það er afar furðulegt að umhverfisráðherra hlaupi af stað með þetta þingmál án þess að fjármálaáætlun liggi fyrir eða þarfa greining á innviðaupbyggingu,“ segir hreppsnefndin og hvetur til þess að málið verði dregið til baka og forsendur verði kortlagðar áður en það verði að þingmáli. „Þetta mál er alls ekki nægjanlega undirbúið og dregur einungis úr trúverðugleika ríkisvaldsins á þessum tímum.“ – gar



Áhyggjur eru meðal hjúkrunarfræðinga að þeir þurfi að svara til saka ef eitthvað fer úrskeiðis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Níu af tíu telja ákæru hafa mikil áhrif á sig

Sex ár eru liðin frá því að íslenskur heilbrigðisstarfsmaður var í fyrsta sinn ákærður vegna starfa sinna. Ný íslensk rannsókn bendir til að slík mál gætu orðið til þess að fólk veigri sér við að taka sér störf í heilbrigðiskerfinu.

HEILBRIGÐISMÁL Tæp 90 prósent starfandi hjúkrunarfræðinga telja að mál hjúkrunarfræðinga sem var ákærður fyrir manndráp af gáleysi hafi haft mjög eða frekar mikil áhrif á störf sín. Í nýrri rannsókn koma fram skýrar áhyggjur meðal hjúkrunarfræðinga um að þeir þurfi að svara til saka ef eitthvað fer úrskeiðis í starfi þeirra.

Dómsmálið vakti mikla athygli árið 2014 og þetta var í fyrsta skipti sem íslenskur heilbrigðisstarfsmaður var ákærður í sakamáli vegna starfa sinna. Hjúkrunarfræðingurinn var sýknaður rúmu ári síðar, en þrátt fyrir það virðist málshöfðunin hafa haft afgerandi áhrif á heilbrigðisstarfsfólk.

Þetta er meginindurstaða rannsóknar Sigurbjargar Sigurgeirsdóttur, stjórnsýslufræðings og prófessors við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands. Fram kom í könnun sem lögð var fyrir alla starfandi hjúkrunarfræðinga í fyrria að þeir ihugi nú betur hvort og þá hvern þeir láta vita, ef eitthvað fer úrskeiðis. „Það var greinilegt að málið hafði vakið mjög mikið óryggi og aukið vitund um áhættuna sem starfinu fylgir, einkum og sér í lagi áhættuna fyrir hjúkrunarfræðingana sjálfa,“ segir Sigurbjörg.

„Við getum ekkert treyst því að



Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, prófessor við Stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

þetta verði bara til þess að halda heilbrigðisstarfsfólki á tánum og það muni bara passa sig eftirleidis. Þetta getur aukið hættuna á því að fólk hugsi sig tvisvar um áður en það fer í störf á bráðamóttökum og gjörgæsludeildum þar sem mikil áhætta er til staðar. Það kemur greinilega fram í gögnunum að hjúkrunarfræðingar myndu hugsa sig betur um en nokkru sinni fyrr ef þeir væru kallaðir inn á aukavakt og látnir vinna undir miklu álagi.“

Þá segir hún að óttinn við að annað ákærumál gæti komið upp hafi verið áberandi og að niðurstöður bendi til að hætta sé á flóttu úr stétt hjúkrunarfræðinga ef slíkt ætti sér stað.

„Það er þessi mikli ótti við að starfa við flóknar og áhættusamar aðgerðir og þurfa að taka ákvarðanir hratt og fumlaut. Ef það er tilfellið þá er okkur ákveðinn vandi á höndum, við þurfum nefnilega að


reiða okkur á að stéttir á borð við slökkviliðsmenn, flugmenn, lækna og hjúkrunarfræðinga geti unnið og beitt þekkingu sinni vel og örugglega og tekið hratt ákvarðanir sem mega ekki bíða.“

Með ákærinni sé búið að skapa ákveðið fordæmi fyrir því að hægt sé að ákæra heilbrigðisstarfsfólk fyrir það sem geti farið úrskeiðis í störfum þess. „

Alvarleg atvik í heilbrigðisþjónustu sem eru unnin af ásetningu eru óskaplega sjaldgæf og þau ber auðvitað að rannsaka sem sakamál, en varðandi öll hin málin, sem eru miklu fleiri, þá þurfum við að stíga varlega til jarðar.“

„Ef verið er að kalla fram upplýsingar til að kanna saknæmi þá er starfsmaður ekkert mjög opin fyrir því að koma með allt upp á borðið. Það er bara hinn mannlegi þáttur. Þá missum við mjög dýrmætari upplýsingar um það hvað raunverulega kom fyrir og hvernig við getum fyrirbyggt það. Það er þá sem öryggi sjúklinga getur verið stefnt í hættu, því við náum ekki að læra af því sem fer úrskeiðis.“

Niðurstöður rannsóknarinnar verða kynntar nánar á fjarfundi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála klukkan 16 í dag. eidur@frettabladid.is



Sögur úr fluginu

Atli Unnsteinsson fékk frásagarlist í vöggugjöf. Flugstjóri og flugkennari í yfir 40 ár nýtti þennan hæfileika vel. Atli er stórum hluta flugmanna kunnur en þessi bók á svo sannarlega erindi til allra sem hafa gaman að góðum sögum.

DÓT

Gæði á góðu verði

dot.is



Sjónmælingar eru okkar fag

Tímabantanir á opticalstudio.is og í síma 511 5800

Optical Studio

SMÁRALIND • HAFNARTORG • KEFLAVÍK

Meira sælkera



SALTMINNI
Þarf ekki að sjóða.
Aðeins 90 mínútur
í ofni, eða 65 °C
í kjarnhita

HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr 1. flokks hráefni

Hagkaup
mélir
með

Tilbúin Hätiðarsósa
Þarf aðeins að hita

499 kr/stk

Hagkaups hamborgarhryggur

Sérvalinn af fagmönnum úr gæða hráefni. Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups. Hann er saltminni og þarf því einungis að elda í ofni.



HAGKAUP
SMJÖRSÞAUTAÐ
KALKÚNASKIP

Hagkaup
mélir
með

Hagkaup
Hátíðarsalat

699 kr/stk

Smjörspautað kalkúnaskip

Í rúman áratug hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.



MINNA
SALT
SAMA
BRAGÐ

HAGKAUP
Hangikjöt
reykt með sérstakri blöndu
af íslensku birki

Hagkaup
mélir
með

Tilbúin jafningur
Þarf aðeins að hita

499 kr/stk

Hagkaups hangikjötið

Tað og birkireykt fyrsta flokks íslenskt lambakjöt. Í hangikjötið er notað 45% minna salt en notað er við hefðbundna hangikjötsframleiðslu. Engu að síður hefur tekist að framleiða hangikjöt með sama bragði.

HAGKAUP

Björguðu sautján úr haldi Boko Haram

NÍGERÍA Stjórnvöld í Nígeríu staðfestu í gær að tekist hefði að bjarga sautján nemendum sem var rænt úr skóla þar í landi fyrir helgi, en tveir nemendur létust í björgunaraðgerðunum. Rúmlega þrjú hundruð ungum drengjum var rænt á föstudaginn í Kankara í norðurhluta Nígeríu og lýstu hryðjuverkasamtökin Boko Haram yfir ábyrgð á ódæðinu fyrr í vikunni.

Ekki hefur tekist að staðfesta hversu mörgum drengjum var rænt þar sem yfirvöld hafa bæði gefið út að 320 drengjum hafi verið rænt en líka að þeir hafi verið 333. Íbúar á svæðinu telja að fjöldinn sé nær 500 en samtökin brutu sér leið inn í skólann á mótórhjólum og yfirbuguðu öryggisgæsluna á svæðinu í skotbardaga. Samtökin vöktu heimsathygli þegar þau rændu 276 ungum stúlkum árið 2014 en það hefur ekki enn tekist að finna 112 á sex og hálfu ári og er talið að einhverjar séu látnar.

Forseti Nígeríu, Muhammadu Buhari, fordæmdi aðgerðir samtakanna og sagði þetta lágkúlega árást í garð saklausra barna en barátta stjórnvalda og hryðjuverkasamtakanna hefur verið eitt af helstu kappsmálum Buhari. – **kpt**

Áframhaldandi flugsamgöngur til Bretlands

UTANRÍKISMÁL Flugsamgöngur milli Íslands og Bretlands eftir útgöngu Breta úr Evrópusambandinu voru tryggðar í gær þegar Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra, undirritaði loftferðasamning við Bretland fyrir hönd Íslands.

Um er að ræða fyrsta langtímasamninginn sem Ísland gerir við Bretland vegna útgöngunnar en miklar viðræður um framtíðarsamband ríkjanna á mörgum sviðum standa enn yfir.



Guðlaugur Þór Þórðarson, utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra

Aðlögunartímabili Breta lýkur um áramótin og verður þá EES-samningurinn um flugsamgöngur ekki lengur í gildi. Enn er óvíst hvort Bretland nái viðskiptasamningi við Evrópusambandið, telja bresk stjórnvöld það ólíklegt. – **ab**

Aftökur Trumps gegn lands- og heimsþróun undanfarin ár

Aftökum í heiminum hefur farið hratt fækkandi undanfarin ár ef frá er skilið Kína þar sem tölur liggja ekki fyrir. Aftökum hefur fækkað í mörgum ríkjum Bandaríkjanna. Framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi fordæmir þá aftökuhrinu sem Donald Trump hefur staðið að á hinu síðasta ári valdatíðar sinnar.

MANNRÉTTINDI Á síðasta ári sínu sem Bandaríkjaforseti hefur Donald Trump heimilað tíu aftökur á vegum alríkisins. Fleiri en öll ríkin samanlagt. Þrátt fyrir þetta hafa aftökur í Bandaríkjunum ekki verið færri í 30 ár.

„Sú aftökuhrina sem á sér nú stað á lokamánuðum Trumps í forsetastól er fordæmalaus og gengur þvert á almenna þróun á beitingu dauðarefsingarinnar, bæði í Bandaríkjunum og á heimsvísu,“ segir Anna Lúðvíksdóttir framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi.

Í fyrsta sinn í 130 ár eru aftökur framkvæmdar á stjórnarskiptatíma í Bandaríkjunum. Amnesty International er alfaríð á móti dauðarefsingum, óháð því hver á hana yfir höfði sér og hvernig hún er framkvæmd. Hafa samtökin kallað eftir að aftökur verði stöðvaðar í Bandaríkjunum og að löggjöfin verði endurskoðuð á ný.

„Íslandsdeild Amnesty International hefur barist stutt og stöðugt gegn dauðarefsingunni um áratuga skeið enda fæðast allir með óskoraðan rétt til að lifa, það eru mannréttindi sem gilda um alla, hvort sem þeir eru sekir um glæpi eða ekki,“ segir Anna. „Í mörgum löndum réttlæta stjórnvöld beitingu dauðarefsingarinnar með því að hún komi í veg fyrir glæpi. Engar sannanir eru fyrir því að sú leið sé árangursríkari til að fækka glæpum en fangelsisvist.“

Aftökur eru enn þá heimilar hjá bandaríska alríkinu, hernum og í 28 ríkjum. Þeim hefur hins vegar farið fækkandi og aðeins verið framkvæmdar í 14 ríkjum á undanförunum árum, aðallega í Suðurríkjunum.

Aðgerðir Trumps hafa því gengið gegn þróuninni í Bandaríkjunum, sem og heiminum öllum. Aftökum hefur farið hratt fækkandi á undanförunum árum. Árið 2015 náðu þær hápunkti, 1.634 talsins samkvæmt skýrslu Amnesty, en fjórum árum síðar voru þær 657.

Tölurnar eru þó ekki að fullu áreiðanlegar því að Kína er ekki inni í þeim. Aftökur eru ríkisleyndarmál í Kína en Amnesty gerir ráð fyrir að þær skipti þúsundum frekar en hundruðum á ári hverju.

„Aftökur þar fara leynt og dauðadæmdir fangar eru jafnvel líflátnir



Starfsmenn fangelsis í Kaliforníu fjarlægja aftökubekk eftir stöðvun dauðarefsinga í ríkinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Stundum eru tekin stór skref í átt að umbótum en stundum eru skrefin minni en skipta öllu máli fyrir viðkomandi einstakling.

Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri Amnesty á Íslandi



án þess að lögmenn þeirra, fjölskyldur eða jafnvel þeir sjálfir fái nokkurn fyrirvara,“ segir Anna.

Hún bendir á að 142 ríki heimsins hafi afnumið dauðarefsingar. Aðeins 20 ríki hafi beitt aftökum árið 2019 og mikill meirihluti þeirra var í örfáum ríkjum, svo sem Kína, Íran, Sádi-Arabíu, Írak og Egyptalandi.

Hvíta-Rússland er eina Evrópulandið sem framkvæmir dauðarefsingar. Þær eru einnig heimilaðar samkvæmt lögum í Rússlandi en síðasta aftakan þar var árið 1996. Alls eru 56 ríki sem hafa hætt að framkvæma dauðarefsingar þó að þær séu enn í lögum.

Anna segir afnám dauðarefsingar í lögum eða framkvæmd mega rekja til þrotlausrar baráttu mannréttindasamtaka á borð við Amnesty og betri upplýsinga um gagnsleysi þeirra í baráttu gegn glæpum.

Stuðningur við dauðarefsingu sé

oft samhliða skorti á áreiðanlegum upplýsingum. „Það er alltaf hættu á að saklaus einstaklingur sé tekinn af lífi. Starf Amnesty International gengur því einnig út á að fræða almenning um mannréttindi sín og sýna hve gölluð refsing dauðarefsingin er,“ segir hún.

Anna segir að þrýstingurinn virki, þrátt fyrir að tölur í einstaka einræðisríkjum hafi ekki lækkað. Sem dæmi bendir hún á mál Nouru Hussein frá Súdan, sem var dæmd til hengingar árið 2018 fyrir að drepa manninn sem hún var þvinguð til að giftast og reyndi að nauðga henni. Eftir alþjóðlega herferð Amnesty var dómurinn mildaður í fimm ára fangelsi.

„Stundum eru tekin stór skref í átt að umbótum en stundum eru skrefin minni en skipta öllu máli fyrir viðkomandi einstakling,“ segir Anna.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Þurfa ekki að vinna á rekstrarhalla

HEILBRIGÐISMÁL Landspítalinn hefur gert samkomulag við heilbrigðisráðuneytið um að þurfa ekki að vinna á uppsöfnuðum rekstrarhalla næstu tvö árin. Skilyrði fyrir samkomulaginu er að Landspítalinn leggi fram áætlanir sem tryggja að rekstrinum verði hagað í samræmi við fjárveitingar hvers árs.

Ef það gengur eftir verður leitað eftir sérstökum fjárheimildum í fjármálaáætlun 2022–2026 til uppjörs á halla Landspítala.

Landspítalinn glímur við uppsafnaðan halla frá árinu 2017 sem samkvæmt lögum flyst á milli ára. Á næsta ári verður 4,1 milljarði króna aukið við rekstur spítalans en á sama tíma verður gerð 400 milljóna króna aðhaldskrafa. Taldi spítalinn að miðað við þær forsendur þyrfti að hagræða um 4,3 milljarða á næsta ári með tilheyrandi skerðingu á þjónustu. Samkvæmt tilkynningu frá ráðu-



Landspítalinn var rekinn með halla frá 2017. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

neytinu er meginmarkmið samningsins að spítalinn starfi innan fjárveitinga og í samræmi við heilbrigðisstefnu stjórnvalda um að stuðla að hagkvæmri nýtingu fjármuna.

Líkt og greint var frá nýlega mun Landspítalinn taka í notkun nýtt fjármögnunarkerfi í byrjun árs 2022, er markmið þess að auka gegnsæi í fjármögnun og auka framleiðni. – **ab**

Gefðu ömmu morð um jólin



Hafðu samband í síma 568 8000 eða pantaðu gjafakort á borgarleidhus.is



JÓLIN ERU KOMIN Í NETTÓ!

-30%

Hamborgarhryggur
Urbeinaður

1.399 KR/KG
ÁÐUR: 1.999 KR/KG

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

KJÖTSEL

-20%

Nautalundir
Danish Crown

3.999 KR/KG
ÁÐUR: 4.999 KR/KG

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

KJÖTSEL

-20%

Hangiframpartur
Urbeinaður

1.999 KR/KG
ÁÐUR: 2.499 KR/KG

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

KJÖTSEL

-20%

Okkar Laufbrauð
8 stk.

1.199 KR/PK
ÁÐUR: 1.499 KR/PK

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

-14%

Fiskisúpa
Hafið - 1 lítri

1.599 KR/PK
ÁÐUR: 1.859 KR/PK

ÍSLENSKT
LÁTTU ÞAD GANGA

NÚ GETA ALLIR VERIÐ STJÖRNUKOKKAR!

-40%

Wellington nautalund

5.399 KR/KG
ÁÐUR: 8.999 KR/KG

-19%

Nautamínútusteik
Marineruð - Sous vide

2.996 KR/KG
ÁÐUR: 3.699 KR/KG

KJÖTBANKINN

-25%

Heilsuvara vikunnar!

Möndlur
Himnesk hollusta - 200 gr

593 KR/PK
ÁÐUR: 790 KR/PK

HIMNESK
HOLLUSTA

HYGGR
MÖNDLUR
ALMONDS WITH SKIN

-20%

Grafinn lax í sneiðum
Fisherman - 300 gr

1.599 KR/PK
ÁÐUR: 1.999 KR/PK

-50%

Bökunarkartöflur

135 KR/KG
ÁÐUR: 269 KR/KG

nettó
Lægra verð - léttari innkaup



JÓLAINNKAUPIN
hafa aldrei verið eins leikandi létt.
Þú færð jólasteikina á netto.is

Tilboðin gilda 17.-20. desember

Tilboðin gilda meðan birgðir endast.
Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

Allar
verslanir
opna kl.
9:00

KRONAN

Nú er tími til að njóta ...

Gómsætur veislumatur fyrir alla!

Ekkerit
ves í des



Nóatúns Hamburgar-hryggur án hryggjarsúlu

2298 kr. kg



Lambalæri með villisveppafyllingu

4999 kr. kg



Nautalund Wellington, 1,2 kg, 65% kjöt

10999 kr. pk.



Hátíðar hnetusteik

1899 kr. pk.



Gardein Holiday Roast

3999 kr. pk.




Happ vegan wellington, 800g

2998 kr. pk.




Afgreiðslutímar á www.kronan.is
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrensl.


HARÐUR PAKKI ER



Bubbi Morthens -
Ferillinn í fjörutíu ár
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Hér er kominn gestur
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Ellert
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.499.-




Strendingar
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Martröð í Mykinesi
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 6.999.-



Spegill fyrir Skuggabaldur
TILBOÐSVERÐ: 2.999.-
Verð áður: 4.399.-



Dauði skógar
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Konan sem elskaði fossinn
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Í faðmi ljónsins
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-

Framúrskarandi
fyrirtæki

MUNDU EFTIR GJAFAKORTI
PENNANS EYMUNDSSON!

FRÍ HEIMSENDING*
EF PANTAÐ ER FYRIR 5.000 KR.
EÐA MEIRA Á VEFNUM OKKAR.




Þú færð SMS og símtal
Við gætum fyllsta hreið
um sóttvarnir í öllum
*á ekki við um húsgö


GÓÐUR PAKKI

METSÖLULISTI EYMUNDSSON


09.12.20 – 15.12.20




Blóðberg
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Silfurberg
TILBOÐSVERÐ: 3.999.-
Verð áður: 4.599.-



Kórdrengur í Kaupmannahöfn
TILBOÐSVERÐ: 4.999.-
Verð áður: 7.499.-




Höfuðbók
TILBOÐSVERÐ: 4.899.-
Verð áður: 6.999.-



Birta, ljós og skuggar
TILBOÐSVERÐ: 4.799.-
Verð áður: 6.499.-




Raunvitund
TILBOÐSVERÐ: 3.699.-
Verð áður: 4.999.-



1 Snerting
Ólafur Jóhann Ólafsson



2 Vetrarmein
Ragnar Jónasson




3 Pagnarmúr
Arnaldur Indriðason




4 Bráðin
Yrsa Sigurðardóttir



5 Gata mæðranna
Kristín Marja Baldursdóttir




6 Dýralíf
Auður Ava Ólafsdóttir



7 Spænska veikin
Gunnar Þór Bjarnason



8 Fjarvera þín er myrkur
Jón Kalman Stefánsson



9 Eldarnir
Sigríður Hagalín Björnsdóttir



10 Sögur handa Kára
Ólafur Ragnar Grímsson

al áður en við mætum.
inlætis og fylgjum ráðleggingum
okkar afhendingum.
gn.

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd

Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4

Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsvík - Garðarsbraut 9

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 20. desember eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Hjörleifshöfði ris tignarlegur úr Mýrdalssandi í kvöldsol.
MYND: BJÖRN ÓLAFSSON

Græna djásnið í sandinum svarta

Tómas Guðbjartsson hjartaskurðlæknir og náttúruunnandi og Ólafur Már Björnsson augnlæknir og ljósmyndari

Éitt helsta djásnið á víðáttumikilli suðurströnd Íslands er klettóttur og grasi vaxinn Hjörleifshöfði, skammt frá Vík í Mýrdal. Þetta er 221 m hár tangi úr móbergi sem hefur síðan á 14. öld verið umlukinn biksvörtum Mýrdalssandi. Áður var hann eyja en við landnám orðinn landfastur og lá inn af honum vík sem kallaðist Kerlingarfjörður. Jökulár frá Mýrdalsjökli, sérstaklega við endurtekin Kötluhlaup, hafa síðan borið fram ógrynni sands sem fyllti upp fjörðinn og umkringdi Höfðann sem nú stendur nokkra kílómetra frá sjó. Þannig lengdist sandurinn í síðasta Kötlugosi árið 1918 um 2 km, en við það varð Kötlutangi syðsti oddi landsins í stað Dyrhólaeyjar, og er svo enn. Löngum var búið við Hjörleifshöfða og þótt ekki væri graslendi mikið þá voru þarna mikil hlunnindi af reka, fuglaveiðum og eggjatekju. Eftir Kötlugos 1721 færðist byggðin upp á sjálfan Höfðann og var búið þar til ársins 1936.

Hjörleifshöfði er kenndur við Hjörleif Hróðmarsson, fóstbróður Ingólfs Arnarsonar, fyrsta landnámsmannsins, sem kom að landi við Ingólfshöfða. Þar hafði hann vetrarsetu, en Hjörleifur var á öðru skipi og tók land við Hjörleifshöfða. Þar drápu írskir þrælur hann og flúðu síðan til Vestmannaeyja, þar sem Ingólfr elti þá uppi og drap. Er Hjörleifur sagður jarðaður í svokölluðum Hjörleifshaug efst á Höfðanum.

Ganga á Hjörleifshöfða er frábær skemmtun og flestum fær. Einnig er gaman að ganga í kringum Höfðann en syðst í honum eru sérlega fallegir hellar og móbergsmýndanir. Útsýnið efst er frábært og gaman að horfa eftir hvítfyssandi strandlengjunni, bæði í vestur að Reynisdröngum og að Vatnajökli þar sem Óræfajökul ber hæst. Einnig er einstakt útsýni að Mýrdalsjökli og hinni ógnvænlegu Kötlu sem leynist í iðrum hans. Þarna er auðvelt að sjá fyrir sér hvernig Kötluhlaup hafa og munu æða fram svartan Mýrdalssandinn. Hjörleifshöfði mun örugglega standa áfram af sér slík hamfarahlauptu en aðrar ógnir, og það af mannavöldum, ögra tilvist hans og einstöku umhverfi, því nýlega keypti erlent námafyrirtæki jörðina Hjörleifshöfða til að vinna þar sand fyrir steypuvinnslu. Þótt ekki standi til að taka efni úr Höfðanum sjálfum er ljóst að mannvirki sem fylgja slíkum námagraftri falla engan veginn að umhverfi einstakrar náttúruperlu eins og Hjörleifshöfða sem er staðsettur við einhverja fegurstu strandlengju Íslands

– strandlengju sem þegar er einn vinsælasti áfangastaður erlendra ferðamanna héraðs. Þegar gröfur mæta á svæðið er hætt við að sögufrægur Hjörleifur muni snúa sér við í gröfni á Höfðanum. Katla gæti líka rumskað og skolað á haf út vanhugsuðum fyrirætlunum, sem byggðar eru á sandi.



Fókus á hjarta landsins



Grænn Hjörleifshöfði stingur skemmtilega í stúf við svartan Mýrdalssand og hvítan Mýrdalsjökul. MYND/ÓMB



Kötlutangi er syðsti oddi landsins og Hjörleifshöfði skammt undan. MYND/ÓMB

MEST SELDU HÖFUNDAR VERALDAR!



4. Metsölulisti Eymundsson Allar bækur

3. SÆTI BÓKSÖLULISTINN ALLAR BÆKUR

★★★★★

„SPENNANDI ... VELDUR ANDVÖKUNÓTTUM!“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU



ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Filnefning

★★★★★

„HLÓ MARGSINNIS UPPHÁTT“
KATRÍN LILJA, LESTRAKLEFINN.IS



1. SÆTI BÓKSÖLULISTINN ALLAR BÆKUR

1. Metsölulisti Eymundsson Allar bækur

ÍSLENSKU BÓKMENNTA VERÐLAUNIN
Filnefning

Starfsfólk
Bókmenntaverðlaun 2020
Bókaverslana

★★★★★

„ÁN EFA EIN AF BESTU BÓKUM ÓLAFS JÓHANNSS.“
EINAR FALUR INGÓLFSSON, MORGUNBLAÐINU



4. SÆTI BÓKSÖLULISTINN ALLAR BÆKUR

2. Metsölulisti Eymundsson Allar bækur

★★★★★

„BESTA GLÆPASAGA RAGNARS TIL ÞESSA!“
STEINÞÓR GUÐBJARTSSON, MORGUNBLAÐINU

Þjóðgarður



Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Miðað við þau orð sem iðulega falla um mikilvægi og dásemdir íslenskrar náttúru mætti ætla að náttúruverndarsinnar hér á landi væru risastór, völdugur og áhrifamikill hópur. Við nánari skoðun kemur þó í ljós að hjá of stórum hópi er talið um mikilvægi náttúru landsins einungis meiningarlaus hjál.

Umhverfisráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrands-son, leggur fram frumvarp um miðhálandisþjóðgarð sem myndi verða sá stærsti í Evrópu. Oneitanlega öflugt framlag til náttúruverndar. Svo mikilvægt og merkilegt er þetta mál að full eining ætti að ríkja um það, en í ljós kemur að andstaðan er hörð. Kveinstafir heyrast meðal annars frá formanni Framsóknar-flokksins og þingmönnum Sjálfstæðisflokksins. Þetta kemur ekki með öllu á óvart, þessir flokkar hafa ekki lagt sérstaka áherslu á náttúruvernd, þótt helstu ráðamenn þeirra í gegnum tíðina hafi sannarlega verið ósparir á að vitna í náttúrujód þjóðskálda í hinum ýmsu tækifærisræðum. Litill vandí er að þylja upp náttúrujód eftir skáldið okkar besta Jónas Hallgrímsson og það er auðveldlega hægt að gera án þess að skilja innihaldið.

Nú standa þingmenn frammi fyrir því að vera spurðir hvort þeir séu tilbúnir að sýna náttúrunni sanna virðingu með því að vernda hana. Hver og einn þingmaður ætti að fagna því að fá tækifæri til að svara því játandi. Því miður er raunin sú að of margir þeirra kjósa að segja þvert nei og taka sprettinn burt. Merki-legt að árið 2020 sé enn hægt að vera á móti náttúruvernd. Hér er eitt dæmið af mörgum sem opinberar að íslensk pólitík er hálf vonlaus.

Frumvarp umhverfisráðherra er risastórt skref í náttúruvernd. Einmitt mál sem ríkisstjórn, þingheimur allur, sveitarstjórnarfolk og ferðaþjónustan ættu að sameinast um að styðja en ekki leggja gegn. Það er ekkert athugasvert við að einhver ágreiningur verði um útfærslur í svo stóru máli, en þar ætti meginhugsunin að vera: Þetta mál er svo merkilegt að við munum leysa ágreininginn og gera þjóðgarðinn að veruleika. Þetta virðist þó ekki ætla að verða raunin.

Náttúrugersemar eru ómetanleg auðlind sem hverri þjóð ber skylda til að bera virðingu fyrir og leggja sig fram við að vernda. Peningaöflin sem flestu vilja ráða sjá þetta ekki svo glögg og misvitir stjórnálamenn átta sig ekki heldur á þessu. Sjónarmið um að náttúran sé lítils virði nema hún sé virkjuð og hægt að græða á henni eiga svo enn upp á pallborðið hjá of mörgum. Þeir einstaklingar sem svona hugsa ættu samt að muna að þjóðgarður skapar atvinnutækifæri og mun skila sínu til sveitarfélaga sem eru í nágrenni við hann. En ekki bara það, þjóðgarður yrði lyftistöng fyrir landið allt. Og þar sem Íslendingar eru afar uppteknir af viðhorfi umheimsins til sín þá hlytu þeir að gleðjast yfir því að þessum þjóðgarði yrði tekið fagnandi víða um heim. Enda bæri hann vott um stórhug íslensku þjóðarinnar þegar kemur að náttúruvernd.

Er virkilega ætlunin að hafna þessu stórfenglega tækifæri?



Merkilegt að árið 2020 sé enn hægt að vera á móti náttúruvernd.

Halldór



Frá degi til dags

Samfylking

Heiti stjórnálflokka er stundum lýsandi, nei afsakið, eiginlega aldrei lýsandi. Sjálfstæðisflokkur er til dæmis ekki sérstaklega sjálfstæður, alla vega ekki í núverandi stjórnarsamstarfi. Það væri nokkuð ofmælt að segja að Framsóknarflokkur sé sérlega framsækinn. Vinstri græn eru sannarlega til vinstri en varla græn. Miðflokkurinn er sumpart á miðjunni, alla vega virðast sumir þingmenn hans hugsa með miðjunni. En einn flokkur sker sig úr. Það er Samfylking. Það sannadist enn einu sinni í gær þegar Rósa Björk Brynjólfssdóttir, landlaus þingmaður utan flokka gekk í Samfylkingu. Var því svo lýst að hún hefði gengið í sal nýrra samflokksmanna undir dynjandi lófataki, sem líklega var leikið af hljómplötu.

Trix

Að því sögðu þá er Rósa Björk alls ekki sú eina sem er að Samfylkja sér þessa dagana. Krístrún Frostadóttir hagfræðingur og Jóhann Páll Jóhannsson stjórnu- blaðamaður eru meðal þeirra sem ætla sér á þing fyrir flokkinn í haust. Þingmaðurinn Ágúst Ólafur Ágústsson hefur sést framkvæma spilagaldra fyrir meðlimi uppstillingarnefndarinnar. Þá hefur hann verið að æfa sverðagleypingar, ljónatamningar á einhjól og fleiri trix. Minna má það varla vera.

Biblía í jólamatinn



Sigurður Árni Þórðarson
Hallgrímskirkju-
prestur

Sæla jóllanna kviknar í endurtekningunni. Eða hvað? Skiptir öllu máli að jólin byrji með líku móti og liðin ár, að jólamaturinn sé eins og við fengum í fyrri? Á allt að vera eins? Hverju breyta sóttvarnareglur COVID-jóllanna? eru þessi jól bara áfall eða kannski tækifæri til að skapa eitthvað nýtt og gera tilraunir?

Þetta árið eru kirkjuferðir bannaðar. Hvað er þá hægt að gera heima í stað jólastemningar í kirkjunni? Jól bernsku minnar voru dásamleg. Þegar allir voru komnir að veisluþorðinu tók faðir minn Biblíu eða blátt Gideon-Nýja testamenti, fletti upp á öðrum kaflanum í Lúkasarguðspjalli og las svo jólaguðspjallið. Það er upphafin saga um þar í ómögulegum aðstæðum, fæðingu barns í gripahúsi og um engla og vitringa. Mér finnst enn vera steikarilmur af þessum texta. Pabbalesturinn opnaði veislu himins og jarðar. Jólin byrjuðu og svo fórum við fjölskylda mín í kirkju um miðnætti.

Þegar ég stofnaði eigið heimili las ég guðspjallið fyrir mitt fólk eins og pabbi. Þegar börnin mín urðu stautfær fengu þau svo það verkefni að lesa. Þar sem engar verða kirkjuferðirnar þessi jólin legg ég til að fólk leggi Biblíu eða Nýja testamenti á jólaborðið. Þegar allir eru sestir getur einhver úr hópnun lesið versin í Lúkasarguðspjalli 2.1-14. „En það bar til um þessar mundir og velþóknun yfir mönnum.“ Ef engin er Biblían á heimilinu er hægt að fletta upp á biblían.is. Þar er líka hljóðskrá, sem sé hægt að fá lesið fyrir sig. Síminn dugur ágætlega til svona upplestrar.

Helgihald Íslendinga tengist kirkjum en trúaruppeldi og mótun lífsafstöðu hefur farið fram á heimilum um aldir. Á COVID-jólum getum við gert eins og fólkíð okkar hefur gert í margar kynslóðir, lesið jólaguðspjallið sjálf. Breyting á jólataktinum er ekki kreppa heldur tækifæri. Lesum sjálf jólaguðspjallið heima þessi jól og gerum það að hefð.



Breyting á jólataktinum er ekki kreppa heldur tækifæri.

Íslenskar hátíðar

TARTALETUR

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30
 laugardaga 8.00 - 16.00
 sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35
 Sími: 561 1433
 www.bjornsbakari.is

AF KÖGUNARHÓLI

Áhyggjuleysi kallar á umræðu



Þorsteinn Pálsson

sjóðs höfðu, þegar það var lagt fram, hækkað á þessu ári um 45 milljarða króna vegna gengisfalls krónunnar. Þetta er upphæð af svipaðri stærðargráðu og þjóðin hafnaði að ábyrgjast vegna vaxta af Icesave.

Slíkar tölur rokka upp og niður. Eigi að síður skulda ráðherrarnir skýringu á því hvernig krónan þjónar hér almannahagsmunum.

Sjálfstæð peningarentun og skuldavandinn

Önnur helsta málsvörnin fyrir sjálfstæðri mynt hefur verið sú að

unnt sé að prenta krónur að vild, þegar þörf krefur. Verðbólgan, (lesist: launafólk), á svo að sjá um að eyða skuldinni.

Veruleikinn er sá að Seðlabankinn taldi óráðlegt að prenta krónur á þessu ári að nokkru marki. Þótt hann gefi fyrirheit um að gera það í ríkari mæli á næsta ári, virðist erlend lántaka ríkissjóðs ekki verða umflúin.

Kjarni málsins er að ekki hefur til þessa reynst fært að nota sjálfsákvörðunarrétt til peningarentunar til að leysa skuldavandann í heild.

Hvaða rök eru þá eftir fyrir sjálfstæðum gjaldmiðli? Er ekki betra að viðurkenna að hann dugar ekki?

Sjálfstæð króna og atvinna

Hin rökin fyrir sjálfstæðri krónu eru þau að unnt sé að skapa fleiri störf, þegar þörf krefur, með því að láta gengið falla. Skoðum þessa kenningu:

Í fjármálakreppunni fyrir rúmum áratug fóru fyrirtækin á hausinn af því þau stóðust ekki þá hækkan skulda, sem hrun krónunnar leiddi af sér. Krónan

var þannig orsök atvinnuleysis.

Til þess að komast út úr núverandi kreppu þarf byltingu í nýsköpun og þekkingariðnaði á næsta áratug. Það er eina leiðin til að fjölga vel launuðum störfum og skapa nauðsynleg, ný verðmæti.

Flestir, sem starfa á þessu sviði, segja að stærsta hindrunin í vegi þeirrar atvinnubyltingar sé óstöðug mynt. Í fjárlagaumræðunum skýrðu ráðherrarnir ekki hvernig þeir áforma að ryðja þessari hindrun úr vegi svo leysa megi nýja krafta úr læðingi. Sú djúpa þögn er hættuleg.

Himinháar skuldir eru hin hliðin á mesta vexti ríkisútgjalda í sögu landsins. Við meðferð fjárlaga og fjárlagala á Alþingi hefur nauðsyn aukinna útgjalda verið vandlega rædd og rökstudd.

Hitt er að mestu órátt: Hvar og hvernig á að taka lánin? Og hvernig á að borga brúsann?

Þröng staða Fyrir liggur:

1. Ríkisstjórnir flestra annarra Evrópuþjóða taka lán í eigin mynt á nánast engum vöxtum.
2. Langtímavextir ríkissjóðs á innlendum markaði eru margfalt hærri.
3. Hagstæðum erlendum lánnum fylgir gríðarleg gengisáhætta.
4. Spár um hagvöxt koma ríkissjóði í besta falli eftir tvö ár í sömu stöðu og 2019. Þá á eftir að skapa verðmæti til að borga allar nýju skuldirnar. Engin plön eru um þann viðbótar hagvöxt.
5. Að óbreyttu þýðir þetta skattahækkanir eða niðurskurð. Ríkisstjórnin segir að hvorugt komi til greina. Hvað þá? Meiri lán?

Þótt hlutfall skulda ríkissjóðs af landsframleiðslu sé lægra en margra Evrópuþjóða, bendir þetta til þess að svigrúm Íslands sé verulega minna en annarra vegna miklu hærri vaxta og mun meiri áhættu í smáu peningakerfi.

Ríkisstjórnin segir það eitt að hún hafi ekki áhyggjur af skuldunum. En hún skuldar rökstutt svar við því hvers vegna hún hefur þær ekki. Það kallar á umræðu.



Til þess að komast út úr núverandi kreppu þarf byltingu í nýsköpun og þekkingariðnaði á næsta áratug. Það er eina leiðin til að fjölga vel launuðum störfum og skapa nauðsynleg ný verðmæti.

Erlend lán eiga að halda krónunni uppi

Seðlabankastjóri hefur hvatt fjármálaráðherra til að auka lántökur erlendis til þess að halda uppi gengi krónunnar. Á skuldadögum virkar meðalið þó væntanlega öfugt.

Launafólk fær ekki að taka lán í erlendri mynt. Það er of mikil áhætta af því að tekjur þess eru í krónum. Tekjur ríkissjóðs eru líka í krónum. Samt má hann taka erlend lán. Það er talið áhættulaust af því að hann getur hækkað skatta á launafólk.

Í athugasemdum með síðasta fjárlagalagafrumvarpi kemur fram að erlendar skuldir ríkis-

Netapótek Lyfjavers

– Apótekið heim til þín



Í Netapóteki Lyfjavers á lyfjaver.is getur þú fundið þína lyfseðla, valið samheitalyf og séð lyfjaverðið þitt.

Mikið úrval af vítamínum og bætiefnum. Lágt vöruverð og heimsending um land allt.

Gerðu verðsamanburð!

*Ef verslað er fyrir meira en 5.000 kr.

Kaupauki fylgir*


LYFJAVER

lyfjaver.is

Suðurlandsbraut 22

BAUHAUS®

Eitt mesta úrval
landsins af jólaskrauti
og jólavörum!



50%
afsláttur
AF JÓLASKRAUTI, JÓLA-
LJÓSUM OG JÓLAVÖRUM
Mv. almennt verð
Afláttur gildir ekki af jólatrjám né jólatrésfótum.

VIRKA DAGA 8-19 / UM HELGAR 10 -18

Með fyrirvara um myndbrengr, prentvillur, mistök hjá birgjum og uppseldar vörur. Verð er með vsk.
Tilboðin gilda frá 16. desember til og með fimmtudeginum 24. desember, meðan birgðir endast.

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2-4 - 113 Reykjavík - 515-0800
upplýsingar@bauhaus.is - www.bauhaus.is

ÞEY

FIMMTUDAGUR 17. DESEMBER 2020

Tíska



Keflvíski söngvarinn Arnar Dór Hannesson rafvirkjameistari er mikið jólabarn, hefur margoft farið í jóla-köttinn og sendi frá sér jólalagið Desember á dögunum. ➔4



Magnea hannar mikið úr íslenskri ull, en hún fékk styrk úr Hönnunarsjóði til að hanna vöru með lágmarkskolefnisspori. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ákveðin vitundarvakning orðin um uppruna fatnaðar

Magnea Einarsdóttir fatahönnuður og fagstjóri í fatahönnun við hönnunardeild Listaháskóla Íslands hannar mikið úr íslenskri ull. Hún segir sóknartækifæri fólgin í fataiðnaði á Íslandi og að framtíð greinarinnar sér björt. ➔2

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM



Kr. 16.700




HILLA
Kr. 99.800



Kr. 6.900 / 7.500



Kr. 84.200



Kr. 8.300 / 19.400



BORÐ
Kr. 247.700

MOTTA
Kr. 58.800

Framhald af forsiðu →

Sandra Guðrún
Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is



Magnea ákvað að læra fatahönnun þegar hún var 17 ára en áhuginn kviknaði í lýðháskóla í Kaupmannahöfn.

„Þar var ég með flotta kennara sem höfðu starfað í faginu og ég áttaði mig á því þar hvað fatahönnun væri stór og fjölbreytt atvinnugrein, enda hefur uppgangur í henni á Norðurlöndunum verið mikill á undanförunum árum,“ segir Magnea.

Eftir menntaskóla fór hún í undirbúningsnám í Myndlistaskólanum í Reykjavík í eitt ár og sótti svo um nám í fatahönnun erlendis. Hún var fyrst í Parsons í París og svo í Central St. Martins í London, þar sem hún sérhæfði sig í prjóni og prjónahönnun.

„Ég hef verið að fást við það síðan ég útskrifaðist 2012 og byggt upp eigið vörumerki og sýnt línur bæði hér heima og erlendis. Ég opnaði nýverið verslunina Kiosk við Grandagarð sem er samrekin verslun nokkurra íslenskra fatahönnuða,“ segir hún.

Prjónið í aðalhlutverki

Magnea hefur sent frá sér eina línu á ári undir merkinu MAGN-EA en hún hefur einnig unnið samstarfslínur, til dæmis við íslenska fyrirtækið Aurum og bandaríska fyrirtækið Club Monaco.

„Prjónið er alltaf í aðalhlutverki en ég legg áherslu á að hanna öll mín efni sjálf og gera nýja hluti með prjón. Efnisvalið er fjölbreytt en ég reyni að vinna með náttúruleg efni og umhverfisvæn eftir mesta megni. Ég vinn mikið með ull og hef gert línur úr kasmír, mohair og merino ull en íslenska ullin hefur alltaf spilað stórt hlutverk í minni hönnun líka. Ég hef ég alltaf haft hana með í þeim fatalinum sem ég hef sent frá mér. Ég nálgast hana á nýjan hátt með því að blanda henni saman við önnur efni og hanna úr henni flikur sem hún er ekki þekkt fyrir að vera notuð í. Nýjasta dæmið eru yfirhafnir sem ég frumsýndi í haust á sýningunni 100% ull á Hönnunarsafni Íslands og á Trendnet,“ upplýsir Magnea.

Magnea fékk styrk frá Hönnunarsjóði Íslands til að þróa yfirhafnir úr íslenskri ull, en markmið hennar var að búa til vöru með lágmarkað kolefnisspor með því að nota innlend hráefni, hönnun og framleiðslu.

„Allt ferlið fer fram innan Reykjavíkur og línuna ákvað ég að kalla „made in reykjavík“. Í titlinum felst ákveðin vitundarvakning um uppruna fatnaðar. Ein flik getur nefnilega farið marga hringi kringum jörðina áður en hún skilar sér til neytenda. Ferlið er því talsvert umhverfisvænna og stuðlar að aukinni sjálfbærni ásamt því að gera verðmætastöðun úr íslensku hráefni og atvinnusköpun á Íslandi. Tískuíðnaðurinn er einn sá mest mengandi á alheimsvisu, en ég trúir því að við hér á Íslandi getum staðið fyrir hönnun á vörum sem stuðla að betrumbótum á því sviði,“ segir hún.

„Kostir lókal framleiðslu eru að maður er nær vörinni og þróunarferlinu, maður fylgist betur með sem hönnuður. Það eru þó ekki endalausir möguleikar í framleiðslu hér á landi en það er gaman að gera það sem er hægt að gera hér og ögra hefðbundnu hráefni á borð við íslensku ullinni um leið.“



Magnea tók nýlega við starfi sem fagstjóri fatahönnunar í Listaháskólanum og segir framtíðina bjarta í faginu.
FRÉTTABLAÐIÐ/SIG-TRYGGUR ARI

Gróskan í greininni mikil

Magnea segist dást að öðrum íslenskum fatahönnuðum og að gróska í greininni sé mikil.

„Það er mikil þrautseigja í kollégum mínum hérlendis, margar áskoranir í umhverfi okkar gera það flókið að reka fatahönnunarfyrirtæki. Samstarfskonur minar í versluninni Kiosk, þær Anita Hirlekar, Eygló, Helga Lilja og Hlín Reykdal eru minir helstu áhrifavaldir þessa dagana, það er dásamleg orka sem fylgir því að reka verslun með svona sterkum og flottum konum.“

Magnea segir að við eigin hönnun fái hún mikinn innblástur frá öðrum listgreinum, hönnun, arkitektúr og myndlist en líka kvikmyndum og tónlist.

„Kveikjan verður oftast til í nærumhverfinu en það getur verið skritin litasamsetning sem verður á vegi mínum eða hlutur sem ég rekest á á nýttjamarcaði. Eitthvað

sem gerir mig forvitna og fær mig til að langa til að rannsaka betur. Ég legg áherslu á prjón og byrja alltaf á að hanna efnið áður en flikin verður til, það fer svo mikið eftir því hvernig efnið hegðar sér hvað til verður úr því. Stór hluti af hönnunarferlinu er því prufugerð með prjón og aðferðir, bæði í höndunum og á prjónavél.“

Krefjandi aðstæður

Í haust tók Magnea við stöðu fagstjóra fatahönnunar í Listaháskóla Íslands, sem hún segir hafa verið bæði gefandi og krefjandi.

„Það er krefjandi að takast á við nýtt starf í miðjum heimsfaraldri. Nemendur hafa tekist á við þessar aðstæður af krafti og ég dáist að því hvernig þau hafa nálgast breyttar aðstæður. Hönnunardeild er stærsta deild Listaháskólans og því talsvert af fatahönnuðum sem útskrifaðir þá. Ég hef kennt við skólann frá því ég útskrifaðist

sjálf og hef gaman af því að nálgast fagið frá þessum enda um leið og ég rek mitt eigið fyrirtæki,“ segir Magnea.

Hún hefur einnig setið í stjórnnum Fatahönnunarfélags Íslands og Miðstöðvar hönnunar og arkitektúrs á Íslandi, svo hún hefur breiða sýn á greinina hér á landi.

„Hér er er bæði öflug grasrót og hæfileikaríkir nemendur og ég get ekki annað en haft tröllatrú á að framtíðin sé björt hvað hæfileika varðar. Það er þó lítið um störf nema þá helst þau sem hönnuðir skapa sjálfir. Það er alveg kominn tími til að færa senuna upp á næsta stig og taka skrefið í átt að því að byggja upp alvöru atvinnugrein úr fatahönnun á Íslandi. Við þurfum ekki að lita langt yfir hafið til að sjá hvað skapandi greinar og tískuíðnaður geta gefið af sér gríðarlega mikil verðmæti og hér eignum við auðlind í fagmenntuðu folki

sem er að gera frábæra hluti. Að mínu mati liggur það fyrir að það er mikilvægt að byggja upp margar fjölbreyttar atvinnugreinar á Íslandi í kjölfar heimsfaraldurs.“

Magnea segir að greinin sé ung hér á landi en í miklum vexti og hafi að vissu leyti þau forréttindi að hafa enn ekki myndað sér sérstöðu á alheimsvisu.

„Það eru að mínu mati sóknarfæri fólgin í því þegar lítið er til þeirra áskorana sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir á heimsvísu. Mörg stór fyrirtæki í nágrannalöndum okkar standa frammi fyrir því að þurfa að breyta sinni imynd og vinnulagi en við hér höfum tækifæri til að standa fyrir nýja nálgun. Íslenskir fatahönnuðir eru mjög fjölbreyttir en ég held að við eignum sameiginlegt að vera í mikilli tengingu við náttúruna okkar, veðrið og birtuna og hönnunin ber merki þess, hvort sem er í litavali, áherslum eða aðferðum.“



Stenströms silkiblússa, einnig til í svörtu
Verð: 46.980



Wonders leðurstígvél, einnig til í brúnu
Verð: 36.980 kr.



Depeche leðurtaska, einnig til í svörtu
Verð: 39.980



Mos Mosh ullarpeysa
Verð: 28.980



Depeche leðurbelti í úrvali.
Verð: 24.980



Stenströms ullarslá, til í nokkrum litum
Verð: 47.980



Depeche leðurtaska
Verð: 21.980

Jólagjöfin hennar hjá Hrafnhildi



Greenstone ullartrefill, til í tveimur litum
Verð: 19.980



Greenstone úlpur í úrvali
Verð: 62.980



Úrval af Stenströms silklæðum
Verð: 25.980



Wonders mokkaþúr
Verð: 25.980



Kennel & Schmenger götuskór
Verð: 54.980



Depeche leðurbelti í úrvali
Verð: 26.980



Lofina leðurhanskar, til í nokkrum litum
Verð: 19.980 kr.



Saint Jacques ullarkápa
Verð: 53.980



Greenstone ullarkápa
Verð: 54.980

hjá
Hrafnhildi



Sat fyrir á tískumyndum tólf ára

Keflvíski söngvarinn Arnar Dór Hannesson er rafvirkjameistari og tveggja unglunga faðir. Hann er mikið jólabarn, hefur margoft farið í jólaköttinn og sendi frá sér jólalagið Desember á dögunum.

Pórdís Lilja
Gunnarsdóttir
thordisg@frettabladid.is



Er nafnið Dór ættarnafn?
Já, við Friðrik Dór erum bræður! Nei, nei, grín. Ég er hálfpartinn skirður í höfuðið á

báðum foreldrum mínum. Pabbi minn heitir Hannes Arnar og mamma mín Halldóra. Dór-nafnið kemur sumsé frá mömmu.

Hver er fyrsta minningin um að hafa verið finn og flottur í tauinu?
Mamma mín átti tiskuvörverslunina Kóða í Keflavík og fékk oft mig og systkini mín í aug-

lýsingar. Ætli ég hafi þá ekki verið tólf ára gamall.

Hugsarðu mikið um tísku og það hverju þú klæðist?

Nei, svo sem ekki dagsdaglega, en ég vil klárlega alltaf vera snyrtilegur og hreinn til fara.

Finnst þér gaman að klæða þig upp á?

Já, þegar ég kem fram og syng fyrir áhorfendur þæli ég aðeins í því hverju ég er, og finnst mjög gaman að vera í flottum fötum á sviðinu.

Hver er uppáhaldsflíkin þín?

Ætli það sé ekki dúnúlpán mín frá 66°Norður. Ég er búin að eiga hana í mörg ár og hún stendur alltaf fyrir sínu.

Áttu eitthvað í fórum þínum sem þér er hjartfölgð og tengist tísku?

Já, ég fékk fallegt hálsmen, leðuról með silfurkrossi, í gjöf frá Heiðu, systur minni, stuttu áður en hún veiktist.

Hvar kaupirðu fötin?

Á hinum ýmsu stöðum og læt svo oftast klæðskera sníða þau að mér eða breyta, til að þau séu þínu svona sérstök.

Dreymir þig um mjúka pakka frekar en harða, til að fá kannski nýja flík í jólagjöf?

Mér finnst alltaf gaman að fá föt í jólagjöf, en oftast er það bara hún elsku mamma mín sem nær að finna föt sem passa akkurat á mig.

Hvernig klæddur líður þér best?
Klárlega í jogging-gallanum heima, en mér líður reyndar líka vel á sviði og þá gefur manni oft aukid sjálfstraust að líta vel út.

Áttu flík sem þú ert þekktur fyrir?

Já, það þekkjá mig margir af ADH-rafvinnufötunum mínum, en það er fyrirtækið mitt.



Arnar Dór er finn í tauinu og syngur Desember. MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON

Áttu jólapeysu?

Já, við fjölskyldan fórum til Flórída um jólin í fyrra og þá keypti ég alveg svakalega ljóta jólapeysu í Walmart. Við vorum öll í jólapeysum á aðfangadag þar úti og ég á hana til næst þegar maður má fara í almennilegt jólapartí.

Hefðurðu einhvern timann farið í jólaköttinn?

Já, ég kaupi mér ekkert endilega alltaf ný föt um hver jól. Ég kaupi bara föt þegar mig vantar þau.

Hvernig kom nýja jólalagið, Desember, til þín?

Gunnar Ingi, höfundur lagsins, er Keflvíkingur eins og ég, og við höfum þekkt frá því við vorum ungir. Hann samdi líka lagið Carolyn, sem kom út fyrr á þessu ári, og það mig að syngja þetta nýja jólalagið.

Um hvað er lagið?

Lagið fjallar um yndislegu stemninguna sem myndast í desember og í kring um jólahátíðina. Þetta lag kemur manni svo sannarlega í jólaskap.

Hvaðan kemur söngurinn?

Afi minn, Ragnar Jónasson, og systir hans, Inga Jónasar, voru mikið í söng og tónlist, og fjölskyldan hefur í kjölfarið alltaf sungið mjög mikið við öll mannamót. Þannig að ég ólst upp við mikinn söng. Ég uppgötvaði samt ekki sjálfur fyrr en ég varð um átján ára að ég sjálfur gæti sungið.

Hafði það áhrif á líf þitt að lenda í 2. sæti í The Voice 2018?

Það var virkilega gaman að taka þátt í The Voice á sínum tíma. Ég kynntist svo frábæru fólki, öðlaðist dýrmæta reynslu og ekki skemmdi fyrir að lenda í 2. sæti. Það breytti lífi mínu að því leyti að ég nýtti tækifærið sem spark í rassinn til að gefa meira út og halda fleiri tónleika.

Er desember og jólin í dálæti hjá þér?

Já, ég er einstaklega mikið jólabarn. Uppáhaldið mitt er að vakna á jóladagsmorgun, því það er hefð í minni fjölskyldu að hittast öll á náttfötunum heima hjá mömmu og pabba, við systkinin með börnin okkar, og borða jólaökur og drekka heitt súkkulaði. Svo um kvöldið er yndislegt að fara til tengdó og borða hangikjöt með fjölskyldu Ólmu, konunnar minnar. Þetta verður óhjákvæmilega með aðeins öðru sniði í ár, en maður leysir það bara.

Hvernig verða jólafötin í ár?

Líklega bara náttbuxur og stuttermabolur. Þetta verða kósi-heima-jól í ár.

Undirkjolar, leggings, sokkabuxur og góðir skór
eru líka nauðsynjavara á jólnum



LÍTTU VIÐ Á BELLADONNA.IS

Verzlunin Belladonna



belladonna

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

eva

LAUGAVEGUR 26

Opið til 22:00 alla daga

fram að jólum*

*23:00 á Þorláksmessu

BY MALENE BIRGER

FILIPPA K

SAMSØE SAMSØE

'S MAXMARA

ZADIG & VOLTAIRE

GERARD DAREL

HARTFORD

MARC JACOBS

MISSONI

ROSEMUNDE

DKNY

CAMBIO

PARAJUMPERS

BILLIBI

PHILIPPE MODEL



MJÚKIR PAKKAR

Laugavegur 26

☎ 5121715

f verslunin.eva

📷 verslunineva

🛒 ntc.is



Dior Homme sýndi lit með því að klæða fyrirsæturnar í flauelshanska í ljósbláu, svörtu og drapplitu á tiskuvíkunni í janúar í París.



Þessi rauða flauelsdragt frá Elie Saab er allt það sem við óskum okkur fyrir jólin. Tiskuvikan í París í febrúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Flauelsmýkt um þessi jól

Flauelið er alltaf vinsælt yfir hátíðarnar enda einstaklega fallegt og mjúkt, með guðdómlega áferð og svo liggur það einfaldlega svo vel.

Jóhanna María
Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is




Flauel má vinna úr hvort tveggja náttúrulegum og gerviefnum og er sérstök tegund af brúsköttum vefnaði þar sem þráðunum er dreift jafnt og hárin eru stutt og þétt sem gefur efninu sína sérstöku áferð. Það er ekki að ástæðulausu að flauel er beintengt munúð og gæðum en þegar eitthvað er ofurmjúkt þá segjum við að það sé flauelsmjúkt.

Flauel kom fyrst á sjónarsviðið í förum kasmírsólumanna í Bagdad

á áttundu öld sem þá var undir stjórn Harun al-Rashid. Eftir það var mesta framleiðsla flauels í heiminum í Kairó í Egyptalandi. Mikið af því flaueli sem framleitt var þar var flutt til Feneýja og þaðan barst það um endilanga Evrópu. Flauel var dýrt í framleiðslu og bæði eftirsótt og vinsælt hjá hástéttinni. En þess má geta að Ríkharður II., konungur Englands, skipaði svo fyrir í erfðaskrá sinni árið 1399 að lík hans skyldi vera grafið í velveto.

Því má fagna sérstaklega að tiskupallarnir fyrr í ár voru stútfullir af girnilegum flauelsflíkum fyrir karla og konur.



Hér má sjá vel sniðinn dumbraðan flauelskjól fyrir haust/vetur 2020 og 2021 úr smiðju Saint Laurent á tiskuvíkunni í París í febrúar.



Giorgio Armani er með puttann á púlsinum þegar kemur að flaueli fyrir karla. Þessi frakki fer alla leið og við hin fljótum með. Þessi er frá tiskuvíku karla í Milanó í janúar. Haust/vetur 2020/2021.



Hér kemur Burberry með sitt klassíska mynstur á svörtum flauelskjól. Skrifstofusmart í bland við jóladressið er fullkomið fyrir heimavinnandi skrifstofublækur. Kjöllinn birtist á tiskuvíkunni í London í febrúar.



Þessi lavenderblái flauelskjóll úr smiðju Junko Shimada á tiskuvíkunni í París í mars mun lengi ásækja drauma margra hinna tiskumeðvitaðri einstaklinga.

DRAUMAKÁPAN • JÓLAGJÖFIN HENNAR

CINZIA ROCCA laxdal.is/yfirhafnir

Fylgdu okkur á Facebook

BERNHARD LAXDAL
SÍGILD KÁPUBÚÐ

TRAUST Í 80 ÁR

Skipholti 29b • Sími 551 4422 • www.laxdal.is

„ÞESSI BÓK ER PERLA.“

VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR

„Mögnuð og ískyggileg frásögn ...
ég hvet alla til að lesa.
Þetta er mjög merkileg bók.“

ÞÓRLINDUR KJARTANSSON


„Þóra Karítas býr yfir einstöku hugrekki
þegar kemur að því að fjalla um hið
óbærilega í mannlegri tilveru.“

GUÐRÚN EVA MÍNERNVUDÓTTIR

„Hún er gríðarlega fallega skrifuð
og svo tilfinningarík að maður verður
ögn betri mannvera við lesturinn.“

HILDUR EIR BOLLADÓTTIR

2.
PRENTUN
KOMIN Í VERSLANIR



Árið 1618 bíður ung kona örlaga
sinna við Drekkingsrhyll. *Blóðberg* eftir
Þóru Karítas Árnadóttur er áhrifa-
mikil og nístandi sár skáldsaga sem
hrífur lesandann.



Innbundin



Rafbók



Hljóðbók



LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA

Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | Opið 10–19 alla daga til jóla | www.forlagid.is

Brandari í formi jakkafata

Haukur Bragason gerði einhver alverstu fatakaup ævi sinnar þegar hann keypti sér jóla jakkaföt úr pólýester. Hann segir viðbjóðslegt að klæðast þeim og að þau liggi í skömm í geymslunni.

Oddur Freyr
Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Haukur Bragason er líklega helst þekktur sem einn vinsælasti Twitter-notandi Íslands, en hann starfar sjálfstætt við málfráðgjöf, prófarkalestur og textagerð. Haukur verður seint þekktur fyrir ósmekklegt og sóðalegt útlit, en hann er mikið fyrir að vera fluttur í tainu og á að eigin sögn vandræðalega mikið af jakkafötum. Fyrir nokkrum árum brá hann hins vegar út af vananum og keypti einhver ljótustu jakkaföt sem sögur fara af, í gríni. Hér verður saga þessa tiskuslyss rakín. „Herrafatnaður er eitt af mínum áhugamálum og ég á vandræðalega mikið af jakkafötum, stökum jökkum og svo framvegis,“ segir Haukur. „Ég fer líka alltaf í mitt finasta púss á jölunum. Það er leitun að manni sem óttast jólaköttinn eins skelfilega mikið og ég. Ég tek enga sensa og fæ mér eitthvað fallegt fyrir hver jól. En kórónuveirufaraldurinn hefur hins vegar séð til þess að ég hef verið að kynna mér kósiföt í auknum mæli og hef lítið klætt mig upp. Ég verð nú líka að viðurkenna að það er töluvert þægilegra að vera í joggingbuxum og bol...“

Hans eigin útgáfa af ljótri jólapeysu

„Ég keypti mér brandara í formi þessara jakkafata árið 2014. Þetta var mitt „take“ á ljótu jólapeysuna, sem var þá töluvert vinsælla dæmi en það er í dag. Ég fann þau í Hollandi, en þetta er hollenskt fyrirtæki sem hóf rekstur kringum það að selja appelsínugul föt til stuðnings landsliðinu þeirra (Oranje!),“ útskýrir Haukur. „Þau eru úr pólýester og það er algjörlega viðbjóðslegt að vera í þeim enda hef ég bara gert það þrisvar eða fjórum sinnum. Þau sitja nú bara í geymslunni núna og skammtast sín fyrir að vera algjörlega óþarft kolefnisspor og úreltur brandari.“

Ætli þetta sé ekki ofarlega á lista yfir verstu fatakaup sem ég hef gert, ásamt peysu sem hljóp



Haukur setti þessa mynd á Twitter þegar hann mætti í vinnuna í jakkanum og skrifaði: „Jólapeysudagurinn sem átti að vera í vinnunni í dag... Já, hann sem sagt er ekki. Það var hætt við þetta. Ég er einn svona.“ MYND/ADSEND

svo svakalega í þvotti að dóttir mín sem þá var 10 ára passaði í hana (og notaði handa reyndar nokkrum sinnum!),“ viðurkennir Haukur.

Eftirminnilegur eins manns jólapeysudagur í vinnunni

Það fóru að renna á Hauk tvær grimur þegar hann sá að hann hefði mögulega verið „trendsetter“, alveg óvart.

„Eftir að hafa nýtt þetta sem

ágætis brandara tvenn jól í röð fór íslenskt vefsölufyrirtæki að selja föt frá þessu hollenska fyrirtæki og maður fór að sjá fólk í þessu út um allan bæ,“ segir Haukur. „Þegar ónefndur stjórnlögreglungræðingur birtist í blaði í nákvæmlega eins fötum og ég á þá var brandarinn úrskurðaður í gæsluvarðhald og hefur fengið að dúsa í (fanga) geymslu síðan þá.“

En áður en fötin enduðu á ruslahaug sögunnar gerði Haukur



Haukur segir að þessi jakkaföt séu örugglega ofarlega á lista yfir verstu fatakaup sem hann hefur gert, ásamt peysu sem hljóp svo svakalega í þvotti að dóttir hans, sem var 10 ára, passaði í hana. MYND/ADSEND

þau mistök að mæta í jakkanum í vinnuna.

„Ég var nýlega byrjaður á nýjum vinnustað og það var talað um að það ætti að vera jólapeysudagur. Ég mætti í jakkanum (sem betur fer ekki buxunum) og komst að því þegar ég var búinn að sjá nokkra sem ég hélt fyrst að væru bara fylpókar sem vildu ekki taka þátt að það hefði verið sendur út tölvupóstur og jólapeysudeginum frestað, því hluti starfsmanna

var að fara út í bæ á námskeið eða eitthvað. Ég fékk hins vegar engan tölvupóst, því það var ekki búið að bæta mér inn á listann yfir alla starfsmenn vegna þess að ég var nýbyrjaður. Þetta var erfiður dagur,“ segir Haukur léttur.

Haukur Bragason er að setja vefsíðuna www.haukurbragason.com í loftið í þessari viku og þar geta áhugasamir kynnt sér störf hans.

HEILSA

Miðvikudaginn 30. desember mun sérblaðið Heilsa fylgja Fréttablaðinu.

Fjallað er um allt sem viðkemur bættri heilsu. Í blaðinu verða áhugaverð viðtöl og fróðleiksmolar sem unnið er af blaðamönnum Fréttablaðsins.

Boðið er upp á auglýsingapláss í blaðinu af öllum stærðum og gerðum. Einnig er hægt að fá kynningarumfjöllun sem unnin er af blaðamanni Fréttablaðsins.

Pantanir og skil á auglýsingum er til og með 29. desember. Kynningarumfjallanir þarf að panta í síðasta lagi þriðjudaginn 22. desember.


Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:
Sími 550 5078 / serblod@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ

MANDARINA DUCK TÖSKUPARTÝ TIL JÓLA

20-40% afsláttur*



Velkomin til okkar í Bóel Óðinsgötu 1



Leður MD crossover taska silver
Verð kr. 36.000- **m. afsl. kr. 28,800-**



Leðurtaska MD crossover margir litir
Verð kr. 36.000- **m. afsl. kr. 28.800**



Leður MD seðlaveski margir litir
Verð kr. 22.000- **m. afsl. 13.200**



Leður MD skjala & tölvutaska svört
Verð kr. 63.000- **40% afsl. verð kr. 37,800-**



Leður MD bumbutaska margir litir
Verð kr. 32.000 **m. afslætti kr. 25.600**




Leður MD bumbag olívugul
Verð kr. 29.500- **m. afsl. kr. 23.600-**



Létt MD crossover taska
Verð kr. 19.500- **m. afsl. kr. 15.600-**



Mandarina Duck
unisex crossover taska
Verð kr. 15.000- **m. afsl. 12.000-**



Mandarina Duck lyklakippa
Verð kr. 5.900- **m. afsl. kr. 4.720-**

ÓÐINGSGÖTU 1, 101 REYKJAVÍK
Sími 8341809 BOEL boeliland
Opíð miðvikud - föstud 12-18 laugard 12-16
www.boel.is

*Hægt verður að skila og skipta á töskum til 6. jan.



Victoria Beckham með svarta grimu, í rauðum kjól og bleikum skóm.

Í bleikum skóm

Victoria Beckham heimsótti verslun sína í Dover Street í London fyrir nokkrum dögum til að heilsa upp á starfsfólk sitt. Það vakti gríðarmikla athygli að hún var í rauðum skyrtskjól og á bleikum hælaskóm. Haft var á orði að hún væri tilbúin í hvaða jóla-veislu sem væri.

Victoria er sögð hrifin af því að blanda saman litum en einhverjum finnst örugglega skrítið að sjá hana í neonbleikum skóm við rauðan kjól. Þess er reyndar getið í breska Vogue að Victoria komi oft á óvart í skóvali. Hún sást ganga um götur í Los Angeles í svörtum gallabuxum, hvítri skyrtu og neongrænum skóm.

Þegar Beckhamhjónin mættu í brúðkaup hjá fótboltakappanum Sergio Ramos, leikmanni Real Madrid, í fyrirasumar klæddist Victoria sömu bleiku skónum. Þegar hún síðan fór í hjólatúr í nágrenni heimilis síns í Cotswold var hún í gulum strigaskóm frá Reebok en hún er í samstarfi við fyrirtækið.

Í ljósi þess ástands sem ríkir í heiminum væri vel til fundið að vera eins og Victoria og klæðast litríkum skóm til að gleðja alla í umhverfinu.



Jólaökötturinn fær lyst á fólki um jól.

Enginn vill fara í jólaököttinn

Í gamla sveitasamfélaginu var viðtekin venja að húsbændur gæfu heimilisfólki sínu nýja flik og sauðskinnsskó fyrir jól, til að verðlauna það fyrir dugnað en verkin sem vinna þurfti fyrir jól voru mörg og einkenndust oft af mikilli vinnuhörku.

Talað var um að þeir sem ekki fengu nýja spjör fyrir jól „færu í jólaököttinn“ og það vildi enginn eiga á hættu, sama hvort þar væri átt við að jólaökötturinn æti þá eða æti frá þeim matinn. Mikið kapp var því lagt á að klára alla tövinnu og þrjóna nýjar flikur á heimilisfólki áður en jólahátíðin gekk í garð. Í dag er orðasambandið „að fara í jólaököttinn“ enn notað um þá sem ekki fá nýja flik fyrir jól og þykir mörgum mikilvægt að vera í nýjum klæðum frá toppi til tær, yst sem innst, og helst með nýklypt hár á aðfangadagskvöld.

Heimild: Árni Björnsson.
Saga daganna.

Áhrifaríkur litur

Það er enginn litur jafn jólalegur og rauður. Hann hentar þó ekki öllum en litir geta haft mikil áhrif á líðan og tilfinningar fólks. Rauður er ákafasti og tilfinningaríkasti liturinn, enda litur ástarinnar. Rauður er þá sagður tákna sjálfsöryggi og er því tilvalinn fyrir þau sem eru sorgmædd eða vantar hvatningu. Þá er hann líka sagður góður fyrir þau sem vilja ná árangri eða

markmiðum, vantar baráttuanda eða leitast eftir því að vera líflegri.

Rauður er hins vegar ekki sagður góður við samningagerð eða ágreining. Þá er rauður ekki talinn henta fólki með háan blóðþrýsting, stuttan þráð og þeim sem eru taugaóstyrk. Hann hentar enn fremur ekki fólki sem þjáist af síþreytu eða hausverkjum.



Rauðar varir eru sigildar á jölunum. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

CHOCOLATES
VALOR
• 1881 •

**HÁGÆÐA KONFEKT
ÁN VIÐBÆTTIS SYKURS
FULLKOMIÐ TIL AÐ DEILA**

VALOR

CHOCOLATE
VALOR
• 1881 •
No added sugars
GOLD SELECTION

PURE AVELLANA
MILK ALMONDS

NO ADDED SUGARS
CHOCOLATE ASSORTMENT
GLUTEN & FREE

Smáauglýsingar

550 5055

Afgreiðsla smáauglýsinga og simi er opin alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki



Toyota Auris Hybrid 2/2016 Ekinn aðeins 57 þús. Km. Sjálfskiptur. Einn eigandi. Ekki bílaleigubíll. Flott verð: 2.290.000,-

Sparibill ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Þjónusta

Málarar

REGNBOGALITIR.IS

Alhliða málningarpjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinnubrögð og vanir menn. Sími 8919890 eða malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald



- » Smíðavinna
- » Múrvinna
- » Málningarvinna

Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög

519 7780
prostone@prostone.is

FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Nudd

NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Þjódum hagstætt verð í töfluskípti. Straumblik ehf. Löggitur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar
312 ára
Vandaðir krossar á leiði!
JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN
Skemmuveggi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661

Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðljósa krossar á leiði. JS Ljósasmíðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opíð virka daga 8-18 og á laugardögum í desember 10-16.

Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Hljómborð á tilboði

Mikið úrval

Verð við allra hæfi

OPÍÐ ALLA DAGA TIL JÓLA
LAUGARDAG OG
SUNNUDAG KI. 11 TIL 15



Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupungull.is

Opíð mán - fös 11-16,
Skiplótt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga



HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS

Vatnasklæðning, panill, pallaefni, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Eurotec A4 harðviðarskrúfur. Penofin og Armstrong Clark harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í sínum 660 0230 og 561 1122

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu góð 2ja herb. íbúð í Breiðholti ca. 60 fm, er laus. 170 þús á mán + hússj. Umsóknir sendist á eyvindur@simnet.is

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS

SÍMI 555-3464

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Jón Stefánsson blómamynd

Traustur viðskiptavinur óskar eftir að kaupa blómamynd eftir Jón Stefánsson.

Smíðjan- Listhús Sími 895 0665

Er verið að leita að þér?

Viðskiptavinir Ráðum fela ráðgjöfum okkar oft að finna starfsmenn án þess að auglýsa stöðuna og með stuttum fyrirvara.

Skráðu þig í gagnagrunninn okkar til að tryggja að við finnum þig þegar rétta starfið býðst.

ráðum

ráðningarstofa

WWW.RADUM.IS | 519 6770 | RADUM@RADUM.IS

Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055

Geymsluskúrar /gestahús til sölu



- Þrjár stærðir 7,5/9,5/14,9 fm.
- Veggjagrind út 45x95 timbri.
- Pappi og bærustál á þaki.
- Rofar og tenglar IP44 rakaheldnir.
- Skúrar sem þola veður og vinda.

Nánari upplis; reisum@simnet.is eða s. 899 0913 Fríða, www.reisum.is

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is



Varahlutir í VOLVO Vinnutæki



Vertu vinnur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is

ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR

ÞARET ÞÚ AÐ KOMA FYRIRTÆKINU ÞÍNU Á FRAMFÆRI?



HAFÐU SAMBAND OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ

FRÉTTABLAÐIÐ

Sími 550 5055 | smaar@frettabladid.is

viftur.is

Viftur • Blikkrör • Aukahlutir

íshúsið

S:566 6000 • Smíðjuvegur 4a, 200 Kópavogur



Kranar

Eigum lausa til leigu eða kaups nýlega byggingakrana í nokkrum stærðum. Gott ásigkomuleg og tilbúnir í notkun.

Nánari upplýsingar í síma 511 6600 og ratio@ratio.is



Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@frettabladid.is



Breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og nýtt deiliskipulag vegna nýs vatnsbóls


Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkti þann 25. nóvember 2020 tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og deiliskipulag vegna nýs vatnsbóls.

Tillögurnar voru auglýstar frá 13. maí til 24. júní 2020 skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 1. mgr. 41. gr. sömu laga og 7. gr. laga um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Athugasemdir bárust og hefur þeim, sem gerðu athugasemdir, verið send umsögn sveitarstjórnar. Tillögurnar voru samþykktar með breytingum frá auglýstum tillögum í samræmi við niðurstöðu sveitarstjórnar við umfjöllun athugasemda.

Hægt er að kæra samþykkt sveitarstjórnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku í B-deild Stjórnartíðinda.

Tillögurnar hafa verið sendar Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til skipulags- og byggingarfulltrúa Sveitarfélagsins Voga.

Vogum, 17. desember 2020
f.h. bæjarstjórnar,
Ásgeir Eiríksson, bæjarstjóri



Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi

Icebreaker


icebreaker®

Icebreaker Merino ull - fyrir alla þá sem vilja hlýjan ullarfatnað sem stingur ekki og dregur ekki í sig lykt.



Zone ♂
Hálfrennd
15.990 kr.



Oasis ♀
Hálfrennd
15.990 kr.



Oasis ♂♀
Síðerma
14.990 kr.



Oasis ♂
Síðerma
16.990 kr.



Barna bolur 🐻
7.490 kr.

Barna leggins 🐻
7.490 kr.



Tech ♂
Hálfrennd
19.990 kr.



Zone ♀
Síðerma
19.990 kr.



Amplify ♀
Stutterma
12.990 kr.



Elemental ♂
Heilrennd
31.990 kr.



Oasis ♂♀
Leggings
14.990 kr.



Helix ♂
Jakki
34.990 kr.



Hillock Funnel ♀
Peysa
33.990 kr.



Sprite Racerback ♀
Toppur
8.490 kr.



Rush ♂
Léttur jakki
28.990 kr.



Siren Tank ♀
Hlýrabolur
8.390 kr.



Tech Lite ♂
Stutterma
12.990 kr.



Vertex ♀
Hálfrennd
22.990 kr.



Vertex ♀
Leggings
17.990 kr.



Yanni ♀
Ermalaus kjóll
13.590kr.

Stingum af ...




Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

 @ggsport.is

 @gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

FRÉTTAÞLADID
SPORT

Snæfríður Sól er að standa sig afar vel í Danmörku. MYND/ADSEND

Snæfríður Sól tvíbætti metið

SUND Snæfríður Sól Jörunnardóttir setti tvisvar nýtt Íslandsmet í 200 metra skriðsundi í gær þegar hún synti í 25 metra laug á danska meistaramótinu sem fram fer í Helsingör í Danmörku þessa dagana.

Snæfríður Sól synti fyrra sund dagsins á tímanum 1.57.47 en gamla metið átti hún sjálf á tímanum 1.58.42. Síðar um daginn kom hún í mark á 1:56,51 og bætti því eigið met um tvær sekúndur í gær.

Strangar sóttvarnareglur eru í Danmörku um þessar mundir en undanþágur veittar fyrir afreksfólk og efstu deildir. Danska sundsambandinu var veitt undanþága til að halda danska meistaramótið og er mótið haldið samkvæmt ströngustu sóttvarnareglum. – hó

Berglind Rós til liðs við Örebro

FÓTBOLTI Sænska knattspyrnufélagið Örebro hefur tilkynnt að félagið hafi gert samning við Berglind Rós Ágústsdóttur sem kemur til félagsins frá Fylki.

„Berglind hefur þá kosti sem við höfum verið að leita að til þess að bæta við lið okkar.

Það er mikill kostur að hún getur bæði spilað sem miðvörður og aftast á miðjunni. Við væntum þess að hún muni halda áfram að bæta leik sinn í okkar herbúðum,“ segir þjálfarinn Rickard Johansson.

Örebro hafnaði í sjöunda sæti sænsku úrvalsdeildarinnar á nýloknu keppnistímabili.

Berglind Rós er þriðji íslenski leikmaðurinn sem fer frá Íslandi í félög í sænsku úrvalsdeildinni á síðustu dögum. Áður höfðu Valskonurnar Hlín Eiríksdóttir farið til Piteå og Hallbera Guðný Gísladóttir til AIK Solna. – hó

Þurfum að vakna til lífsins í hugrænni þjálfun hérlendis

Íþróttasálfræðingurinn Hreiðar Haraldsson segir það vera mikil vonbrigði hversu aftarlega á merinni íslensk íþróttafélög séu varðandi hugræna þjálfun. Hreiðar bjóst við að fleiri íþróttamenn myndu leita til sín vegna afleiðinga kórónaveirunnar. Sér samböndin þurfi að sýna félögunum fordæmi í verki.

HUGRÆN ÞJÁLFUN Íþróttamenn hafa margir hverjir minnst á það á þessu ári að æfingabann og frestun keppnis- og mótahalds vegna kórónaveirufaraldursins hafi reynt mikið á andlegu hliðina.

Þá minnst Alfons Sampsted, leikmaður Bodø/Glimt, og Ingibjörg Sigurðardóttir, sem spilar fyrir Vålerenga á að hugarþjálfun hefði skipt miklu máli í góðum árangri þeirra, en þau urðu norskir meistara með liðum sínum á nýloknu keppnistímabili.

Íþróttasálfræðingurinn Hreiðar Haraldsson veitir íþróttafólki, íþróttaföreldrum, íþróttþjálfurum og íþróttaliðum fræðslu og þjálfun um hvernig eigi að styrkja hugarfarslega þætti, til þess að bæta árangur og ánægju þeirra í íþróttastarfi.

Hreiðar býður upp á einstaklingsráðgjöf, fyrirlestra, námskeið og ítarlega vinnu með íþróttaliðum í gegnum keppnistímabili.

„Mér finnst íslensk íþróttafélög geta staðið sig mun betur hvað hugræna þjálfun varðar. Það er að bjóða upp á heildræna, hugræna þjálfun í gegnum heilt keppnistímabil. Þjónusta mín við félög hefur að öllu leyti falist í einstaka fyrirlestrum um hugræna þjálfun,“ segir Hreiðar í samtali við Fréttablaðið um stöðu mála.

„Félögin vita alveg af mikilvægi þess að leggja rækt við hugræna þjálfun og forráðamenn félaganna eru meðvitadír um að íþróttasálfræði sé ekki kríustjórnum sem eiga að nota þegar málin eru komin í óefni hjá liðum.

Hugræna þjálfun verður að stunda reglulega yfir tímabilið til þess að árangurinn verði eins og best verður á kosið. Fjármunum er hins vegar forgangsráðað á önnur svið en fyrir mér ætti að vera jafn sjálfsgagt að hafa hugræna þjálfara innan félaganna og styrktarþjálfara,“ segir hann.

„Það eru mér mikil vonbrigði að



Hreiðar Haraldsson segir að gera þurfi mun betur í hugrænni þjálfun hér á landi. FRÉTTAÞLADID/VALLI

Það eru mér mikil vonbrigði að þróun mála hafi ekki verið hraðari í jákvæða átt hvað hugræna þjálfun varðar, á þeim fjórum árum sem ég hef starfað sem íþróttasálfræðingur hér heima.

Hreiðar Haraldsson, íþróttasálfræðingur hjá Haus hugarþjálfun

þróun mála hafi ekki verið hraðari í jákvæða átt hvað hugræna þjálfun varðar, á þeim fjórum árum sem ég hef starfað sem íþróttasálfræðingur hér heima.

Þeir þjálfarar sem ég hef rætt við sem hafa sótt sér þjálfaramenntun erlendis segja að við séum langt á eftir í því að fræða þjálfarana um hugræna þjálfun á þeim námskeiðum sem standa til bóða.

Við þurfum að vakna og sérsamböndin þurfa að líta í eigin barm og sýna félögunum gott fordæmi í þessum efnum. Samböndin standa sig misvel í þessum málum en heilt yfir þurfum við að gera betur,“ segir íþróttasálfræðingurinn.

„Þeir sem leita til mín eru að stórum hluta ungir íþróttamenn, þó svo að ég sinni íþróttamönnum á öllum aldri. Aldursbil þeirra sem sækja mest í hugræna þjálfun er

kannski til marks um ákveðna hugarfarsbreytingu hvað þennan þátt þjálfunar varðar.

Ég átti reyndar von á aukningu í því að íþróttafólk myndi leita til mín vegna þeirra áhrifa sem bann frá æfingum og keppni sem kórónaveiran hefur haft í för með sér. Það er kannski til marks um það að við tölum mikið um mikilvægi þess að hlúa að andlega þættinum, en gerum svo ekki nógu mikið í því að efla sjálfstraustið.

Nú þurfa bara sérsamböndin og félögin að róa í sömu átt og iðkendur þeirra og bæta hugrænni þjálfun inn í starf sitt. Það liggur alveg ljóst fyrir hversu mikilvægt það er að sinna þessum þætti þjálfunar og frammistöðu leikmanna batnar með ástundun hugrænnar þjálfunar,“ segir Hreiðar um ákjósanlega þróun. hjorvaro@frettabladid.is

Viljum færa Keflavík í fremstu röð í íslenskri knattspyrnu

FÓTBOLTI Fyrr í þessari viku var tilkynnt að Sigurður Ragnar Eyjólfsson hefði bætt við sig starfstíli hjá Keflavík. Sigurður Ragnar verður yfirmaður knattspyrnumála hjá félaginu auk þess að vera annar þjálfari meistaraflokks karla sem fór upp í efstu deild síðastliðið haust.

„Þetta er starf sem Jónas Guðni [Sævarsson], framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar Keflavíkur, hefur viljað bæta við til þess að bæta faglegt starf hjá félaginu.

Þannig getur hann einbeitt sér að sínu sérsviði sem er reksturinn, yfirþjálfarar yngri flokka, Jóhann B. Guðmundsson og Sólrún Sigvaldadóttir, þurfa ekki að vera með hugann hér og þar.

Ég mun hafa yfirumsjón með faglegu starfi, þjálfun og þróun leikmanna hjá félaginu og vinna náið með fyrrgreindum aðilum að því að því að efla starfið,“ segir Sigurður Ragnar um starfið í samtali við Fréttablaðið.

„Markmiðið er að búa til umhverfi sem er aðlaðandi fyrir leikmenn, bæði á Sudurnesjum og alls staðar að á landinu til þess að koma inn í. Við viljum hjálpa leikmönnum að bæta sig, bæði til þess að verða leikmenn hjá okkur sem geta staðið sig í efstu deild og aðstoða þá sem vilja komast í atvinnumennsku erlendis,“ segir Sigurður Ragnar enn fremur.

„Síðasta sumar spiluðu heimamenn rúmlega 58 prósent af leiktímanum hjá liðinu og meðalaldurinn var í kringum 22 ár. Það er mjög vel af sér vikið en hlutfallið hjá því liði sem var með hæsta hlutfallið hvað þetta varðar í Noregi til að mynda var í kringum 30 prósent.

Við viljum halda áfram að búa til kjarna af uppöldum leikmönnum sem geta spilað í hæsta gæðaflokki hér heima og síðar meir á erlendri grundu,“ segir hann.

Sigurður Ragnar, sem er íþróttasálfræðingur að mennt, segir að félagið vilji einnig bæta við hug-



Sigurður Ragnar Eyjólfsson fagnar hér marki Keflavíkur. MYND/ADSEND

ræna þjálfun hjá félaginu sem er mikilvæg til þess að bæta frammistöðu leikmanna inni á vellinum.

„Þegar ég var ráðinn til starfa hjá Keflavík fyrir tveimur árum var

hlutverk mitt að koma að hugrænni þjálfun hjá karlalíðinu. Vinna að markmiðssetningu hvers einstaklings hjá liðinu og finna leiðir til þess að bæta sjálfstraust leikmanna.

Það tókst vel að mínu mati og mér fannst við geta merkt tilfinnanlegan mun á spilamennsku leikmanna. Nú er stefnan að gera betur í hugrænni þjálfun bæði með einstaklingsmarkmiðum og fyrirlestrum um sálræna þáttinn í íþróttum sem er mjög mikilvægur,“ segir hann.

Innan ræða Keflavíkur eru leikmenn bæði í karla- og kvennaliðum félagsis sem eru líklegir til þess að hasla sér völl erlendis á næstunni en þar má helst nefna landsliðskonuna Sveindís Jane Jónsdóttur.

„Við erum með leikmenn sem hafa það á stefnuskránni að komast út að spila.

Sá leikmaður sem við finnum fyrir miklum áhuga á er Sveindís Jane. Hún er með marga spennandi kosti til að velja úr.

Ég hef verið að aðstoða hana í þeim efnum og nú er það bara hennar, með aðstoð þeirra sem eru í kringum hana, að velja vel,“ segir þjálfarinn og nú yfirmaður knattspyrnumála. – hó

NÝ SENDING AF SPARIKJÓLUM

MIKIÐ ÚRVAL Í STÆRÐUM 14-28 EÐA 42-56

Pantaðu í netverslun www.curvy.is eða komdu í verslun Curvy í Hreyfilshúsinu við Grensásveg

Opið í verslun Curvy frá kl. 11-20 alla daga til jóla

Curvy 



FRÍ HEIMSENDING
EF AÐ VERSLAÐ ER FYRIR
5000 KR EÐA MEIRA



Sjökjöll
11.990 kr

Blúndukjöll
8.990 kr



Satín kjöll
9.990 kr



A-sniðs kjöll
6.990 kr



Pliserabur kjöll
8.990 kr



Palliettukjöll
13.990 kr

Peak Performance®



Frost Glacier ♂ ♀
Dúnúlpa m/hettu

66.990 kr.

Ef þú vilt vandaðan útivistarfatnað sem hentar vel íslenskum aðstæðum, veldu þá gæðin frá sænska framleiðandanum Peak Performance!



Argon Light ♀ ♂
m/hettu
35.990 kr.



Frost dúnúlpa ♀ ♂
m/hettu
43.990 kr.



Frost dúnvesti ♂ ♀
27.990 kr.



Argon Light ♂
34.990 kr.



Helium dúnjakki ♂
32.990 kr.



Frost skíðajakki ♂ ♀
59.990 kr.



Scout skíðabuxur ♀
54.990 kr.



Léttar göngubuxur ♂ ♀
vatns- og vindfráhrindandi
29.990 kr.



Alum pils ♀
18.990 kr.



Helium dúnjakki ♂
m/hettu
33.990 kr.

Stingum af ...



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af öllu sem þarf í ævintýrið þitt!

@ggsport.is

@gg_sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími jóla: Virkir dagar 10:30 - 18, Laugardaga 11-17, Sunnudaga 12-16

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Fimmtudagur

Reykjavík ☁ 4 3 °C ←	Ísafjörður ☁ 2 8 °C ↙	Akureyri ☁ 2 4 °C ↘
Egilsstaðir ☁ 3 7 °C ↓	Kirkjubæjarkl. ☁ 3 2 °C ↙	Hveravellir ☁ -2 7 °C ↓

Áfram þurrt á Suður- og Vesturlandi í dag, annars rigning eða slydda með köflum, einkum austanlands, en dálítill snjókoma í innsveitum. Hiti yfirleitt 0 til 5 stig.

Föstudagur

Reykjavík ☁ 5 7 °C ↙	Ísafjörður ☁ 1 16 °C ↙	Akureyri ☁ 3 5 °C ↘
Egilsstaðir ☁ 2 9 °C ↓	Kirkjubæjarkl. ☁ 3 3 °C ↙	Hveravellir ☁ -2 8 °C ↙

Laugardagur

Reykjavík ☁ 3 6 °C ↙	Ísafjörður ☁ 0 9 °C ↙	Akureyri ☁ 4 2 °C ↘
Egilsstaðir ☁ 3 5 °C ↘	Kirkjubæjarkl. ☁ 0 3 °C ↘	Hveravellir ☁ -3 10 °C ↘

LÉTT

	5		3				1
		3	6	1		2	9
7			8				
4		7			6		
3			4			1	
	1		2	3	4		5
5	7					2	8
	8	2	1	7	5		
		4					

MIDLUNGS

2			8	4				
3				5				9
	7	8	9					5
		9	2			6	1	
		3					2	7
	1			7	9	4		
		7	1			3	8	
			3	9			6	
					8	1		

PUNG

		5		6	7			
1	2	9		7			8	
								9
	3						4	
		6				9	5	
8	7		1		3			
		4		2	9		6	
9	1	5						4
								8

Krossgáta

- LÁRÉTT**
 1 blundur
 5 samræða
 6 í röð
 8 hlutskipta
 10 tveir eins
 11 aftra
 12 gamall
 13 gegnsær
 15 gimsteinn
 17 byrjun
- LÓDRÉTT**
 1 sífellt
 2 þurfti
 3 stafur
 4 ríki í Afríku
 7 lagast
 9 dugnaður
 12 mögulegt
 14 skordýr
 16 íþróttafélag

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10				11	
		12			
13	14				
15				16	
	17				

LÁRÉTT: 1 sverfi, 5 töl, 6 fj, 8 órlaga, 10 óð, 11 tef, 12 form, 13 glæfr, 15 túrkis, 17 starr.
 LÓDRÉTT: 1 stöðugt, 2 varð, 3 ell, 4 niger, 7 jafnast, 9 atorka, 12 fært, 14 lús, 16 íf.

Skák Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2404) átti leik gegn Andra Áss Grétarssyni (2062) á Friðriksmóti Landsbankans. Andri lék síðasta **54...Kc7-b6??**

55. Ha4! og hvítur vann skömmu síðar. Skákþing Norðlendinga fór fram um daginn í 86. sinn. Að þessu sinni fór mótið fram á netinu. Rúnar Sigurpálsson og Andri Freyr Björgvinsson urðu efstir og jafnir.

www.skak.is: Tvær Evrópu-keppnir um helgina.



Hvítur á leik

9	3	8	2	4	5	1	7	6
1	4	7	6	3	8	9	5	2
2	6	5	9	7	1	4	8	3
4	7	2	1	9	3	5	6	8
8	9	3	5	6	7	2	1	4
5	1	6	8	2	4	3	9	7
6	2	4	7	5	9	8	3	1
7	5	1	3	8	2	6	4	9
3	8	9	4	1	6	7	2	5

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FERÐALAG HUGANS

Náttúra Íslands og ferðalög um landið eru leiðarstef í nýrri ljóðabók Antons Helga Jónssonar

LANDSINS MESTA ÚRVAL BÓKA
 Bókabúð Forlagsins | Fiskislóð 39 | www.forlagid.is

Miklu meira en bara ódýrt



ViAir 12V loftdælur í miklu úrvali



Hjólafesting á bíl frá 4.995



Viðgerðar-kollur 7.495



39.995

Verkfæraskápur á hjólum

99.999

Verkfæraskápur á hjólum m/verkfærum

frá 795

Mikið úrval af verkfæratöskum



Jeppatjakkur 2.25T 52cm 19.995



Viðgerðarbretti 4.895



49.999 Vélagálgi 2T



Hjólattjakkur 2T m/tösku 4.795



1.999 Álskóflur



9.985

Vélastandur 500kg



AirBrush loftdæla 19.995



7.995

1/2 Toppasett



3.995

1/4 Toppasett



Steðjar í miklu úrvali



Vice Multi angle 6.985



9.999 6T Búkkar 605mm Par



frá 1.495

Startkaplar



4.995

Hleðslutæki 12V 6A



14.995

1/2+1/4 Toppasett Kraftmann 94stk



5.995

Verkfærasett 108 stk



4.995

Skrallyklar 8-17

Fjöltengi í miklu úrvali, 1.5M/3M/5M 3/4/5/6/8 tengla



15.995

Ranamyndavél



Mikið úrval af LED kösturum og ljósum



Verðmæta-skápar frá 5.995



4.995

Sandkassa-grafa



Lyklabox í miklu úrvali



4.995

Verkfærasett



1.995

Burstasett í borvél



frá 995

Lím-byssur



Vasaljós og lugtir, yfir 30 gerðir



13.995

Flísa-sög 80mm



Scanslib Hverfisteinn frá 19.995



9.999

Silverline LI-ion 18V hleðsluborvél 13mm



Fjölsög Höfftech 5.999



Rafmagnsvirtaliur í miklu úrvali



Útskurðarsett



24.995

Súluborvél 350W



16.995

Metabo KS216 bútsög



14.995

SDS Lofthöggvél GMC SDS vélar frá 9.999,-

Myndlistavörur í miklu úrvali inn á:



Listverslun.is

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



MG EHS í tengiltvinnútgáfu er öflugur með bensínvél og rafmótor sem gefa 258 hestöfl og skila honum í hundradíð á aðeins 6,9 sekúndum.

Styttist í MG EHS PHEV hjá BL

MG frumsýndi fyrr í vikunni nýjan framhjóladrifinn jeppling með tengiltvinnuþækni sem ber heitið EHS. Þessi jepplingur sem er í svokölluðum SUV-C-flokki kemur á markaði Evrópu í byrjun janúar og er forsalá þegar hafin hjá BL við Sævarhöfða.

MG EHS Plug-in Hybrid er með 162 hestafla, 1,5 lítra bensínvél með forþjöppu sem skilar 250 Nm tugi, og öflugum 90 kW/122 hestafla rafmótor sem vinnur með vélinni. Saman skila mótórnir allt að 258 hestöflum og 370 Nm hámarkstogi. Hröðun MG EHS úr kyrrstöðu í 100 km/klst. er einungis 6,9 sekúndur auk þess sem raf-rænt XDS-mismunadrifíð tryggir honum gott grip. Rafmótorinn fær afl sitt frá 16,6 kWh Li-ion rafhlöðu og er unnt að aka bílnum allt að 52 km á rafmagninu einu saman.

Í MG EHS Plug-in Hybrid er innbyggð 3,7 kW hleðslutæki sem gerir kleift að fullhlaða rafhlöðuna á aðeins 4,5 klukkustundum á næstu hleðslustöð. Girkassi MG EHS er tíu þrepa og sendir afl bensínvélarinnar og rafmótorsins til framhjólanna. Flyst tog bensínvélarinnar



Billinn er með stórum skjá og vel búinn öryggis- og þægindabúnaði.

með sex þrepa sjálfskiptingu á meðan afl rafmótorsins fer um fjögurra gíra rafdrifts-einingu. Saman myndar tíu þrepa sjálfskiptingin ávallt upp á rétta girinn og hnökralausa hröðun með tilliti til hagkvæmstu afkasta og orkunotkunar, til að tryggja sparneytni við allar aðstæður.

Losun MG EHS er því aðeins 43 g/km að meðaltali samkvæmt WLTP. MG EHS verður fánlegur í tveimur útfærslum, Luxury og Comfort, og er verð á tengiltvinnubílnum frá 5.190 þúsundum króna og koma fyrstu bílarnir í janúar.



Framendi Ioniq 5 er mjög líkur Hyundai 45 tilraunabílnum eins og til dæmis framljósinn og sést það vel á myndinni þrátt fyrir mikinn felubúnað.

Ný njósnamynd af Ioniq 5

Nýjustu njósnamyndir af Ioniq 5 sýna að hann líkist mjög Hyundai 45 tilraunabílnum sem frumsýndur var í Frankfurt í fyrra.

Myndirnar sýna vel ljósabúnað bílsins sem virðist að mestu leyti eins. eru þau lárétt og ferköntuð innan í v-laga grillinu líkt og á tilraunabílnum. Þegar Ioniq 5 billinn kemur á markað verður hann einn fullkomnasti rafbíll í boði með 800 volta rafkerfi sem leyfir hraðari

hleðslu. Hann er byggður á E-GMP undirvagninum og verður með allt að 500 km drægi og hleðslutíma undir 20 mínútum gegnum 350 kW hraðhleðslustöð.

Í 45 tilraunabílnum var blandað saman nýjustu tækni og gamaldags útliti. Má nefna baklýsta snertifleti til að stjórna búnaði innan í bílnum og nýjum efnum eins og bómull í innréttingu. Hvort að við munum sjá eitthvað þessu líkt í Ioniq 5 á þó eftir að koma í ljós.



Mynd af nýrri kynslóð Outlander sýnir stærri bíl og nýtt útlit en hann kemur aðeins á markað í Norður-Ameríku.

Nýr Outlander kemur ekki hingað til lands

Njáll Gunnlaugsson
njall@frettabladid.is



Mitsubishi hefur sent frá sér skuggamynd af nýrri kynslóð Outlander. Hann fer á markað á næsta ári í Norður-Ameríku en kemur ekki til Evrópu og þar með talið Íslands gegnum umboðið Heklu. Í stað hans er ný útgáfa Eclipse væntanleg í svokallaðri Cross útgáfu og þá einnig með tengiltvinnubúnaði.



Í stað Outlander mun nýr Mitsubishi Eclipse Cross leysa hinn vinsæla Outlander af hólmi á Íslandi en hann mun einnig koma í tengiltvinnútgáfu.

línu niður með bílnum og utan um grillið. Grillið er líka með nýju lagi sem kallast demantsskjöldur.

Njósnamyndir hafa sýnt alveg nýja innréttingu með hástæðum upplýsingaskjá fyrir miðju og efnisval verður meira og betra. Billinn mun fyrst koma á markað án tengiltvinnubúnaðar og þá aðeins með nokkrum gerðum bensínvéla til að byrja með.

Búast má við að tengiltvinnútgáfan komi á markað árið 2022. Gamli billinn var með 20 kWst rafhlöðu sem verður örugglega stærri í nýja bílnum. Engelbert Tourer tilraunabíllinn var með drægi um 70 km á rafhlöðunni einni saman.

Að sögn Halldóru Önnu Hagalín, markaðsstjóra Heklu, verður gamli billinn í boði áfram út næsta ár. „Við munum svo fá nýjan Eclipse Cross PHEV sem leysir hann af

hólmi. Sá bill kemur með vorinu og fyrstu upplýsingar og myndir af þeim bíl lofa góðu“ sagði Halldóra. Þrátt fyrir að Mitsubishi virðist vera að draga sig að einhverju leyti út úr Evrópu eins og fram hefur komið, eru allar líkur á að við munum hafa Mitsubishi umboð áfram á Íslandi samkvæmt þessu.

Að sögn talsmanna Mitsubishi er nýs Eclipse Cross PHEV að vænta á næsta ári, en hann hefur þegar verið frumsýndur gegnum veraldarvefinn. Sá bill mun ekki koma á markað í Norður-Ameríku en verður með sama vélbúnaði og nýr Outlander.

Mitsubishi tilkynnti í júlí að merkið myndi draga sig af markaði í Bretlandi og í vikunni féllu niður viðræður þar í landi við SsangYong sem stóð til að myndi yfirtaka sölu á Mitsubishi bílunum þar í landi.

Skoda hagnar rafbíl byggðan á VW ID.1

Þó að Skoda Citigo smábíllinn sé horfinn úr söluinu Skoda er nýr rafdrifinn smábíll á leiðinni frá tékkneska framleiðandanum. Verður hann byggður á smærri gerð MEB undirvagnsins sem kallast MEB-entry ásamt Volkswagen ID.1. Um ódýrari útgáfu undirvagnsins er að ræða til að halda verði niðri.

Bílarnir verða um fjórir metrar að lengd sem er svipað og VW Polo. Hjá Volkswagen er einnig verið að hanna smájeppling byggðan á MEB-entry undirvagninum sem fær þá ID.2 nafnið en ekki hefur heyrst hvort eitthvað svipað komi frá Skoda enn þá.



Rafdrifin útgáfa Citigo smábílsins er væntanleg frá Skoda á næstu árum.

Líklegt er að við sjáum bílana frá Volkswagen fyrst en rafdrifinn smábíll frá Skoda verður ekki frumsýndur fyrr en 2024 í fyrsta lagi.

Fyrsti rafbíll Skoda er Enyaq sem

kemur á markað á næsta ári og í kjölfarið kemur bill byggður á ID.3, en stærri bílar eins og rafdrifinn arftaki Octavia eru ekki í kortunum alveg strax.

Gefðu gjöf frá frægustu hönnuðum heims



Epal / Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



by Lassen.
COPENHAGEN

MUUTO

normann
COPENHAGEN



HAY

FREDERIK BAGGER

ROYAL COPENHAGEN
PURVEYOR TO HER MAJESTY THE QUEEN OF DENMARK



Unnur Birna segir frá merkri konu.
FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Konan og jöklarnir

Unnur Birna Karlsdóttir er síðasti fyrirlesari fyrirlestaraðar RIKK á haustmisseri 2020 og nefnist fyrirlestur hennar „Konan sem kannaði leyndardóma jöklanna. Dr. Emmy Todtmann og rannsóknir hennar á Íslandi“. Fyrirlesturinn er raf-rænn og hægt er að horfa á hann á heimasíðu RIKK, Youtube-rás Hugvísindasviðs og Facebook.

Rannsókn Unnar Birnu beinist að heimildum um ferðir vísindakonur að nafni Emmy Mercedes Todtmann. Hún stundaði rannsóknir á skriði jökla á Íslandi, sunnan og norðan Vatnajökuls, á tímabilinu frá fjórða til sjötta áratugar 20. aldar. Hlé varð á komum hennar til Íslands á árum seinni heimsstyrjaldarinnar en svo kom hún aftur og dvaldi við rætur skriðjökla Vatnajökuls að rannsóknnum sínum. Markmiðið er að rýna í hvort og þá hvernig rannsóknir hennar og skrif, bæði hennar eigin um ferðir sínar og annarra um þær, endurspeglar viðhorf til náttúrufarsbreytinga og sambúðar manns og náttúru, enda eru rannsóknir hennar undanfari að samtímarannsóknnum á hegðun og hopi jökla hér á landi. Þær hafa því skírskotun í umræðu samtímans um loftslagsbreytingar af mannavöldum. Dr. Todtmann vann að rannsóknnum sínum á tímum þegar óvanalegt þótti að konur stunduðu slíkt, hvað þá lengst inni á íslenskum öræfum. Lítið verður til þess hvort einhver og þá hvaða viðhorf birtust hér á landi til hennar í þessu sambandi.

Hádegisfyrirlestaröð RIKK á haustmisseri 2020 er tileinkuð fémínískri sýn á loftslagsvandann.

Ljóða og sagnaveisla

Á laugardaginn, 19. desember, verður ljóða- og smásagnaveisla við Laugaveg 5 í samstarfi við Reykjavík bókmenntaborg UNESCO. Ljóðskáld og smásagnahöfundar lesa upp úr nýútkomnum verkum sínum og spjalla á léttu nótnum. Hægt verður að kaupa ljóðabækur og smásagnasöfn höfundanna á staðnum.

- 12.00 María Ramos – Havana
- 13.00 Kristján Hrafn Guðmundsson – Þrír skilnaðir og jarðarför
- 14.00 Halla Þórlaug Óskarsdóttir – Þagnarbindindi
- 15.00 Kristín Svava Tómasdóttir – Hetjusögur



Kristín Svava Tómasdóttir.

Viðburðinum verður streymt á netinu auk þess sem hljóðið verður spilað út á Laugavegin fyrir gesti og gangandi.



Mikill fjöldi ljósmynda er í bókinni og sýna allar árstíðir. Þessi mynd Páls Stefánssonar er af Rauðasandi. MYND/PÁLL STEFÁNSSON

Ekki spretthlaup heldur langhlaup

Hjarta Íslands – Frá Eldey til Eyjafjarðar er bók um gersemar náttúru Íslands. Gunnsteinn Ólafsson skrifaði textann og Páll Stefánsson myndaði síbreytilega náttúru.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Hjarta Íslands – Frá Eldey til Eyjafjarðar er veglegt rit um gersemar náttúru Íslands frá Reykjanesi, um Vestfirði og til Norðurlands. Gunnsteinn Ólafsson ritar textann og Páll Stefánsson myndaði. Þetta er ekki í fyrsta sinn þeir vinna saman því fyrir tveimur árum gáfu þeir út bókina Hjarta Íslands – Perlu hálandisins.

„Í kjölfar þeirrar bókar var ákveðið að skrifa bók um landsvæði og náttúruperlur utan hálandisins. Ég vann textann en svo kom í ljós að efnið var svo víðamikil að ákveðið var að skipta því tvennt. Frá Eldey til Eyjafjarðar kemur því út núna og á næsta ári er væntanleg bók sem byrjar á Eyjafirði og endar á Þingvöllum,“ segir Gunnsteinn.

Í líki leiðsögumans

Um bók þeirra Páls, Hjarta Íslands – Frá Eldey til Eyjafjarðar, segir Gunnsteinn: „Ég bregð mér í líki leiðsögumans og segi frá náttúru og sögu, einnig þjóðtrú, menningu og gönguleiðum. Þegar lagt er í svona vegferð kemur í ljós að maður hefur ekki grænan grunn um ýmislegt eins og til dæmis um sögu Breiðafjarðareyja. Ég komst að raun um að Breiðafjarðareyjar eru á við heila heimsálfu, því saga þeirra er svo mögnuð. Stéttaskipting var gríðarleg sem bitnaði mest á konum. Staða þeirra í eyjunum á 19. og fram á 20. öld var satt að segja hræðileg. Þær voru ekki hærra skrifaðar en skepnurnar á bænum. Margar réðu sig heldur til sjóróðra en til heimilisstarfa og urðu jafnvel formenn á bátum sínum. Þetta var besta leið stúlkna til þess að afla sér mannvirðinga í eyjasamfélaginu –



Páll Stefánsson og Gunnsteinn lögðu saman í veglega bók. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

FRÁ ELDEY TIL EYJAFJARÐAR KEMUR ÞVI ÚT NÚNA OG Á NÆSTA ÁRI ER VÆNTANLEG BÓK SEM BYRJAR Á EYJAFIRÐI OG ENDAR Á ÞINGVÖLLUM.

Gunnsteinn

eða giftast stórbændum. Ekki hefur mikið verið fjallað um þennan þátt í sögu þjóðarinnar, það er eins og þessi kafli sé nánast gleymdur.

Við segjum einnig frá svæðum þar sem búseta lagðist affyrir löngu, eins og á Hornströndum, í Jökulfjörðum og nyrst á Ströndum. Þar er einnig frá mörgu að segja. Sam-

kvæmt Landnámu voru þessi ystu annes Vestfjarðakjálkans eftirsóknarverð til búsetu en nú býr þar enginn lengur. Náttúran er hins vegar stórkostleg og þangað sækja ferðamenn á sumrin.“

Síbreytileg náttúra

Gunnsteinn segir samvinnuna við Pál hafa verið skemmtilega. „Ég vann mikla heimildavinnu á meðan ég skrifaði textann. Hann tók myndir og var að allt árið. Það reynir svo mest á samvinnuna þegar kemur að því að setja efnið saman og samræma.“

Spurður hvað geri svæðið sem til umfjöllunar er í bókinni svo spennandi fyrir ljósmyndara segir Páll: „Það sem er spennandi fyrir ljósmyndara er hvað íslensk náttúra er síbreytileg og fjölbreytt. Hún kemur manni alltaf jafn mikið á óvart. Þótt

ég hafi farið ótal ferðir á tæplega 40 ára ferli sem ljósmyndari þá finnst mér ég vera rétt að byrja. Mér finnst það sýna sig í myndum og texta að við Gunnsteinn erum að taka þverskurð af hringnum í kringum þetta litla lýðveldi okkar.

Galdurinn við að taka myndir í bók eins og þessa er að sýna allar árstíðir. Ég fer ekki bara einn góðan hring einn sólbjartan sumardag til að mynda. Það er ótrúlega ólíkt að koma á sama stað í byrjun janúar eða í júlí. Mitt upplegg er að reyna að sýna fjölbreytileikann og síbreytileikann í landinu.

Svona verkefni er alltaf með manni í farteskinu hvort sem maður er að fara að mynda sérstaklega fyrir bókina eða ekki. Galdurinn við Hjarta Íslands finnst mér vera sá að það sést að hún varð ekki til í spretthlaupi, svona bók er langhlaup.“

JÓLAGJÖF HEIMILISINS



Peggy. Verð frá
319.700 kr.

NÝ SENDING FRÁ HET ANKER VAR AÐ LENDA.

KOMDU Í VERSLUN OKKAR SÍÐUMÚLA 30 OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | 533 3500 | VOGUE.IS



Stóridómur og stúlka

BÆKUR

Blóðberg

★★★★★

Þóra Karítas Árnadóttir

Útgefandi: JPV útgáfa

Fjöldi síðna: 174

Stóridómur var samþykkt um siðferðismál sem varð að lögum á Íslandi árið 1565 en tilgangur hans var að koma böndum á siðferði Íslendinga og einkum koma í veg fyrir sífjaspell. Þannig féllu hörðustu dómarnir yfir þeim sem grunur lék á að hefðu eignast börn með skyldmönnum og er talið að um 50 Íslendingar, 25 karlar og 25 konur, hafi verið líflátin af þessum sökum. Karlar voru hálshöggðir en konur drekkt, ýmist í bæjarlæknum eða á þingvöllum og það er í sögu fyrstu konunnar sem hlaut þau örlög að vera drekkt í Drekkingsarhyl sem Þóra Karítas Árnadóttir sækir efnivið í Blóðberg.

Þórdís Halldórsdóttir er fríð og efnileg stúlka, stórættuð og listræn, læs og vel að sér. Hún er send í vist til systur sinnar og mágs og út frá því spinnst saga hennar sem er um margt merkileg og óvenjuleg, hún sver eið að meydómi sínum en fæðir þó barn fimm mánuðum síðar og vegna þess sem best má lýsa sem kerfiskergju sem er knúin áfram af pólitískum fléttum er hún svo líflátin tíu árum síðar.

Þóra Karítas velur að segja þessa sögu í endurliti út frá sjónarhóli Þórdísar. Sagan hefst á endalokunum og þaðan er hún rakin frá því hún hitti mág sinn fyrst. Orðfæri er eins og hægt væri að ímynda sér að stúlka á þessum tíma hefði talað og tjáð sig og greinilegt að höfundur hefur lagt í mikla rannsóknarvinnu um sögutímann, matseld, fatnað og staðhætti til að draga upp söguheiminn á sem sannferðugastan hátt.

Og það tekst afbragðsvel til. Bókin er grípandi, saga Þórdísar og persóna trúverðug og framvinda spennandi og hrollvekjandi í senn. Vitnað er til samtímatburða sögunnar svo sem aftaka annarra kvenna í svipaðri stöðu, galdrabrenna og Baskavíganna til að minna á það andrúmsloft grimmdar og hörku sem ríkti í tíðarandanum. Persóna Þórdísar er dregin einföldum en skýrum dráttum: hún er greind, lærdómsþyrst og réttisýn, aðrar persónur eru kunnuglegar, þannig minnir mágurinn, Tómas Böðvarsson, nokkuð á Natan Ketilsson og þekktar samtímapersónur eins og Guðbrandur Hólabiskup koma einnig við sögu.

